



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2019
2020



2019

Ágúst

LAUGARDAGUR
24. ÁGÚ 15:00

MENNINGARNÓTT

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS HEIMSÆKIR HLJÓMSVEITINA

Bjarni Frimann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Valur Freyr Einarsson sögumaður

LAUGARDAGUR
24. ÁGÚ 17:00

MENNINGARNÓTT

MARAPON- TÓNLEIKAR

Tónlist eftir **J.S. Bach, Leonard Bernstein, Gioachino Rossini, Ethel Smyth, John Williams, Vangelis** og fleiri.

Bjarni Frimann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Halldóra Geirharðsdóttir
kynnir

FÖSTUDAGUR
30. ÁGÚ 20:00

TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

KLASSÍKIN OKKAR

Tónlist eftir **Johann Pachelbel, Georg Friedrich Händel, Wolfgang Amadeus Mozart, Johannes Brahms, Giacomo Puccini, Edward Elgar, Gustav Mahler, Sergej Prokofiev, John Williams** og fleiri.

Daniel Bjarnason
hljómveitarstjóri

Arngunnur Árnadóttir og
Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikarar

Elmar Gilbertsson og
Hallveig Rúnarsdóttir
einsöngvarar

Hljómeyki
Mótettukór Hallgrímskirkju
Söngsveitin Filharmónía

Magnús Ragnarsson, Hörður
Áskelsson og Þorvaldur Örn
Davíðsson
kórstjórar

Halla Oddný Magnúsdóttir og
Guðni Tómasson
kynnir

September

ÞRIÐJUDAGUR
3. SEP 19:30

LANDSHORNA Á MILLI

TÓNLEIKAR Í REYKJANESBÆ

Edvard Grieg
Pétur Gautur, valdir þættir

W.A. Mozart

Hornkonsert nr. 3

Vinsæl sönglög og aríur

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 5

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Bylgja Dís Gunnarsdóttir
einsöngvari

Stefán Jón Bernharðsson
einleikari

FIMMTUDAGUR
5. SEP 19:30

LANDSHORNA Á MILLI

TÓNLEIKAR Á ÍSAFIRÐI

Edvard Grieg
Pétur Gautur, valdir þættir

W.A. Mozart

Hornkonsert nr. 3

Vinsæl sönglög og aríur

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 5

Frédéric Chopin
úr pianókonsert nr. 2

Páll Ísólffson
Úr útsæ rísa Íslands fjöll

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Herdis Anna Jónasdóttir
einsöngvari

Stefán Jón Bernharðsson
einleikari

Mikolaj Ólafur Frach
einleikari

Hátíðarkór Tónlistarskóla
Ísafjarða

FIMMTUDAGUR
12. SEP 19:30

UPPHAFSTÓNLEIKAR

RAVEL OG SIBELIUS

Georges Bizet
L'Arlésienne, svíta

Maurice Ravel

Píanókonsert fyrir vinstri hönd

Anna Þorvaldsdóttir
Aeriality

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 1

Yan Pascal Tortelier
hljómveitarstjóri

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

LAUGARDAGUR
14. SEP 11:30

BARNASTUND

FIMMTUDAGUR
19. SEP 19:30

DEBUSSY OG PROKOFÍEV

Claude Debussy
Forleikur að Síðdegi
skógarpúkans

Jennifer Higdon
Fiðlukonsert

Sergej Prokofiev
Sinfónía nr. 5

Roderick Cox
hljómveitarstjóri

Benjamin Beilman
einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

SUNNUDAGUR
22. SEP 17:00

10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
UNGSVEITAR SÍ

ÓÐURINN TIL GLEÐINNAR

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 9

Ungsveit SÍ

Daniel Raískín
hljómveitarstjóri

Bryndís Guðjónsdóttir, Agnes
Thorsteins, Alexander Jarl
Þorsteinsson og Jóhann
Kristinsson einsöngvarar

Flensborgarkórinn
Graduale Nobili
Kór Flensborgarskóla
Kór Menntaskólans við Hamrahlið
Kór tónlistardeilda LHÍ
Söngsveitin Filharmónía

Helgi Rafn Ingvarsson,
Hrafnhildur Blomsterberg,
Hreiðar Ingi Þorsteinsson,
Magnús Ragnarsson, Sigurður
Halldórsson og Þorvaldur Örn
Davíðsson
kórstjórar

FIMMTUDAGUR
26. SEP 19:30

SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ

Ludwig van Beethoven
Egmont, forleikur

Joseph Haydn
Sellókonsert í D-dúr

Dmitrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 5

Karina Canellakis
hljómveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

Október

LAUGARDAGUR
5. OKT 14:00

LITLI TÓNSPROTINN

TÍMAFLAKK Í TÓNHEIMUM

Tónlist eftir **Monteverdi, Lully, Bach, Jón Leifs, Haydn, Mozart, Beethoven, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Mélanie Bonis, John Williams, Thea Musgrave og Láru Rún Eggertsdóttur.**

Michelle Merrill
hljómveitarstjóri

Puríður Blær Jóhannsdóttir
og Guðmundur Felixson
kynnir

FIMMTUDAGUR
10. OKT 19:30

BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ

Johannes Brahms
Píanókonsert nr. 2

Pjotr Tsjajkovskij
Sinfónía nr. 6

Han-Na Chang hljómveitarstjóri

Stephen Hough einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FÖSTUDAGUR
18. OKT 12:00

HÁDEGISTÓNLEIKAR

BAROKK Í NORÐURLJÓSUM

Barokktónlist eftir Corelli
og Händel

Strengjasveit
Sinfóníuhljómveitar Íslands

Matthew Truscott konsertmeistari

FIMMTUDAGUR
24. OKT 19:30

BACH, HÄNDEL OG HAYDN

Johann Sebastian Bach
Hljómveitarsvíta nr. 1

Georg Muffat
Passacaglia úr sönötu nr. 5

Georg Friedrich Händel
Concerto grosso op. 3 nr. 2

Maria Antonia Walpurgis
Talestri, forleikur

Anna Amalia af Braunschweig
-Wolfenbüttel

Erwin und Elmire, millisplil

Joseph Haydn
Sinfónía nr. 102

Matthew Halls
hljómveitarstjóri

Matthew Truscott
einleikari og konsertmeistari

Tónleikakynning kl. 18:00

2020

Desember

FIMMTUDAGUR
31. OKT 11:45

HÁDEGISTÓNLEIKAR

HITAÐ UPP FYRIR ÞÝSKALAND

Anna Þorvaldsdóttir
Aeriality

Pjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 4

Daníel Bjarnason
hljómveitarstjóri

Nóvember

FIMMTUDAGUR
7. NÓV 19:30

Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS

VÍKINGUR OG DANÍEL

Edvard Grieg
Pétur Gautur, valdir þættir

Daníel Bjarnason
Processions, píanókonert

W.A. Mozart
Hornkonert nr. 3

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 5

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari
Radovan Vlatković einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

12.–17. NÓV

TÓNLEIKAFERÐ

Tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis.

FIMMTUDAGUR
28. NÓV 19:30

DIMITRI ÞÓR OG SIBELIUS

Joseph Bologne
Sinfónía í D-dúr

Jean Françaix
Klarínettkonert

Jean Sibelius
Lemminkäinen-svíta

Eva Ollikainen hljómveitarstjóri
Dimitri Þór Ashkenazy einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FIMMTUDAGUR
5. DES 19:30

ADVENTUTÓNLEIKAR

MEISTARAR BAROKKSINS

Jean-Philippe Rameau
Forleikur og Chaconne úr Les Indes galantes

Jean-Baptiste Lully
Les Bourgeois gentilhomme, svíta

Georg Philipp Telemann
Alster-svíta

Johann Sebastian Bach
Hljómveitarsvíta nr. 4

Maxim Emelyanichev
hljómveitarstjóri

Tónleikakynning kl. 18:00

LAU **14. DES** 14:00 & 16:00
SUN **15. DES** 14:00 & 16:00

LITLI TÓNSPROTINN

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Leroy Anderson
Jólaforleikur

Katherine K. Davis
Litli trommuleikarinn

Jörunn Viðar
Það á að gefa börnum brauð

William J. Kirkpatrick
Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá

Émile Waldteufel
Skautavalsinn

Sígíld jólalög

Bjarni Frimann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Trúðurinn Barbara
kynnir

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Kolbrún Völkudóttir
einsöngvarar

Stúlknakór Reykjavíkur

Litlu sprotarnir táknmálaskór

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Dansarar úr Listdansskóla Íslands

Hörpuhópur

Blokkflautusveit Tónlistarskóla Árnésinga

Ungir trommuleikarar

Janúar

FIM **9. JAN** 19:30
FÖS **10. JAN** 19:30
LAU **11. JAN** 16:00 & 19:30

VÍNAR-TÓNLEIKAR

Óperettutónlist og valsar eftir **Johann Strauss yngri, Franz Lehár, Pjotr Tsjajkovskíj, Mélanie Bonis** og fleiri.

Bjarni Frimann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
einsöngvari

Garðar Thor Cortes
einsöngvari

Tónleikakynning 9. janúar kl. 18:00

FIMMTUDAGUR
16. JAN 19:30

UNGIR EINLEIKARAR

Sigurveggar og dagskrá kynnt síðar

Anna-Maria Helsing
hljómveitarstjóri

Sigurveggar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómveitar Íslands og Listaháskóla Íslands.

FÖSTUDAGUR
17. JAN 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN

RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA I

Sergej Rakhmaninov
Trio élégiaque nr. 1

Sofia Gubaidulina
Píanókvintett

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla

Nicola Lolli fiðla

Páll Palomares fiðla

Gregory Aronovich víola

Bryndís Halla Gylfadóttir selló

Sigurgeir Agnarsson selló

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó

FIMMTUDAGUR
23. JAN 19:30

INKINEN STJÓRNAR BARTÓK

Anna Clyne
Masquerade

William Walton
Víólukonert

Béla Bartók
Konert fyrir hljómveit

Pietari Inkinen hljómveitarstjóri

Nils Mönkemeyer einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FIMMTUDAGUR
30. JAN 19:30

HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

Atli Heimir Sveinsson
Hjakk

Bára Gísladóttir
ÓS

Missy Mazzoli
Sinfónía (for Orbiting Spheres)

Hugi Guðmundsson
Harmóníukonert, frumflutningur

Snorri Sigfús Birgisson
Konert fyrir hljómveit, frumflutningur

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri
Andreas Borregaard einleikari

FÖSTUDAGUR
31. JAN 12:00

YRKJA UPPSKERU-TÓNLEIKAR

Eygló Höskuldadóttir Víborg
Nýtt verk

Sigurður Árni Jónsson
Nýtt verk

Bjarni Frimann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir
leiðbeinandi

Febrúar

8.–16. FEB

TÓNLEIKAFERÐ

Tónleikaferð til Bretlands.

FÖSTUDAGUR
21. FEB 19:30

MAHLER OG DEBUSSY

Lili Boulanger
D'un matin de printemps

Gustav Mahler
Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn

Benjamin Britten
Sea Interludes úr Peter Grimes

Claude Debussy
La mer

Hannu Lintu
hljómveitarstjóri

Michelle DeYoung
einsöngvari

Tónleikakynning kl. 18:00

Mars

FIMMTUDAGUR
5. MAR 19:30

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

MAHLER OG SIBELIUS

Páll Ísólffsson
Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar

Jean Sibelius
Fiðlukonsert

Gustav Mahler
Sinfónía nr. 1

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Augustin Hadelich einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

LAUGARDAGUR
7. MAR 11:30

BARNASTUND

FIMMTUDAGUR
12. MAR 19:30

RÚSSNESK VEISLA

Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 3

Pjotr Tsajkovskij
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Igor Stravinskij
Eldfuglinn, svíta

Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri
Olga Kern einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

LAUGARDAGUR
14. MAR 14:00

LITLI TÓNSPROTINN

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

Atli Heimir Sveinsson
Dimmalimm

Pjotr Tsajkovskij
Úr Svanavatninu

Atli Heimir Sveinsson
Kvæðið um fuglana

Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri

Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Gradualekór Langholtskirkju

FIMMTUDAGUR
19. MAR 19:30

MOZART OG KURT WEILL

Igor Stravinskij
Sinfóniur fyrir blásara

Kurt Weill
Fiðlukonsert

W.A. Mozart
Serenaða nr. 10, „Gran partita“

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri

Erin Keefe einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FÖSTUDAGUR
20. MAR 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN UPPLJÓMUÐ NÓTT

Arnold Schönberg
Verklärte Nacht (Uppljómuð nótt)

Béla Bartók
Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu

Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri

FIMMTUDAGUR
26. MAR 19:30

RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA II

Sofía Gubaidulina
Offertorium, fiðlukonsert

Sergej Rakhmanínov
Sinfónía nr. 2

Antonio Méndez hljómsveitarstjóri
Vadim Gluzman einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

Apríl

MÍÐVIKUDAGUR
1. APR 20:00

AÍÖN

Anna Þorvaldsdóttir og Erna Ómarsdóttir
AÍÖN

Íslenski dansflokkurinn Sinfóníuhljómsveit Íslands

Erna Ómarsdóttir í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins danshöfundur

Anna Þorvaldsdóttir tónverk

Anna-María Helsing hljómsveitarstjóri

Pierre-Alain Giraud og Valdimar Jóhannsson vídeóverk

Agnieszka Baranowska búningahönnuður

Valdimar Jóhannsson ljósahönnun

Lovisa Ósk Gunnarsdóttir aðstoðardanshöfundur

Charmene Pang, Elín Signý Weywadt Ragnarsdóttir, Erna Gunnarsdóttir, Félix Urbina Alejandro, Inga Huld Hákonardóttir, Shota Inoue, Tilly Sordat og Una Björg Bjarnardóttir dansarar

LAUGARDAGUR
25. APR 14:00

LITLI TÓNSPROTINN HVAR ER HÚFAN MÍN?

Tónlist eftir **Thorbjörn Egner** úr Kardemommubænum og Dýrunum í Hálsaskógi

Marit Strindlund hljómsveitarstjóri

Jóhann G. Jóhannsson útsetningar

Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Örn Árnason söngvarar og sögumenn

Skólakór Kársness

Maí

FIMMTUDAGUR
7. MAÍ 19:30

BRAHMS OG SHOSTAKOVITSJ

Sveinn Lúðvík Björnsson
Glerhjallar, frumflutningur

Dmítríj Shostakovítsj
Sellókonsert nr. 2

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Rafael Payare hljómsveitarstjóri

Alisa Weilerstein einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FÖSTUDAGUR
8. MAÍ 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN SÓLSKINS-SINFÓNÍAN

Grażyna Bacewicz
Kvartett fyrir fjórar fiðlur

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Rafael Payare hljómsveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla

Una Sveinbjarnardóttir fiðla

Páll Palomares fiðla

Vera Panitch fiðla

FIMMTUDAGUR
14. MAÍ 19:30

HALLVEIG SYNGUR MOZART

W.A. Mozart
Brúðkaup Fígarós, forleikur

W.A. Mozart
Ariur úr Brúðkaupi Fígarós, Don Giovanni, Così fan tutte o.fl.

W.A. Mozart
Chaconne úr Idomeneo

W.A. Mozart
Sinfónía nr. 40

Jonathan Cohen hljómsveitarstjóri
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari

Tónleikakynning kl. 18:00

MÁNUDAGUR
25. MAÍ 20:00

OPINN FYRIRLESTUR Í NORDURLJÓSUM

Árni Heimir Ingólfsson kynnr Valkyrju Wagners.

MÍÐ **27. MAÍ** 18:30
FÓS **29. MAÍ** 18:30

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK VALKYRJAN

Richard Wagner
Valkyrjan (Die Walküre)

Alexander Vedernikov hljómsveitarstjóri

Julía Burbach leikstjóri

Tal Rosner vídeóhönnun og útlit

Íslenska óperan og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Christine Goerke Brünnhilde

Christopher Ventris Siegmund

Jamie Barton Fricka

Claire Rutter Sieglinde

Ólafur Kjartan Sigurðarson Wotan

Fróde Olsen Hundung

ásamt fleiri söngvurum

Júní

FÖSTUDAGUR
05. JÚN 19:30

RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA III

Páll Ragnar Pálsson
Yfirráðandi kyrrð

Sofía Gubaidulina
Konsert fyrir fiðlu, selló og bajaran

Sergej Rakhmanínov
Sinfónískir dansar

Olari Elts hljómsveitarstjóri

Baiba Skride einleikari

Harriet Krijgh einleikari

Elsbeth Moser einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

Speglum fortíðina, mótum framtíðina



Ég er full tilhlökkunar og eftirvæntingar fyrir komandi starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem jafnframt verður mitt fyrsta ár í starfi. Ég er stolt af því að tilheyra samfélagi sem hefur hlúð jafn vel að þjóðarhljómsveit sinni og Íslendingar hafa gert í hartnær 70 ár. Hljómsveitin er flaggskip íslenskrar menningar, á erindi við alla landsmenn og er mikilvægt afl í að kynna menningu okkar, land og þjóð á listasviði heimsins.

Hljómsveitin hefur um árabíl haft það að markmiði sínu að styrkja listræna framþróun og alþjóðlega stöðu íslenskrar menningar. Það hefur svo sannarlega tekist og er Japansferð hljómsveitarinnar á síðasta starfsári dæmi um slíkan árangur. Erlend eftirspurn eftir tónleikum hljómsveitarinnar, íslenski tónlist og tónlistarfólki hefur aukist gríðarlega. Á komandi starfsári mun hljómsveitin halda í tvær tónleikaferðir til útlanda. Í nóvember leikur hún í Þýskalandi og Austurríki þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari verður með í för. Daniel Bjarnason, nýráðinn aðalgeststjórnandi Sinfóníunnar, mun stjórna hljómsveitinni og á efnisskránni verða meðal annars verk eftir Daniel og Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáldið okkar. Í febrúar verður síðan haldið til Bretlands þar sem leiknir verða átta tónleikar undir stjórn Yan Pascal Tortelier. Anna Þorvaldsdóttir verður með í för og verk hennar, Aeriality, verður flutt á öllum tónleikumunum. Hljómsveitin heldur einnig í tvær tónleikaferðir innanlands á starfsárinu og að þessu sinni verða Ísafjörður og Reykjanesbær heimsóttir.

Í mars fagnar hljómsveitin 70 ára afmæli sínu með glæsilegum tónleikum í Eldborg þar sem Eva Ollikainen mun stjórna verkum eftir Pál Ísólffsson, Jean Sibelius og Gustav Mahler. Afmælisgleðin heldur svo áfram í lok maí þegar þrjár listastofnanir sameinast um verkefni sem verður tvímælaust stórvíðburður í tónlistarlífi þjóðarinnar. Auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands fagna Íslenska óperan og Listahátíð í Reykjavík stórafmælum árið 2020. Við munum því sameinast um að setja upp Valkyrjuna eftir Richard Wagner og verður það í fyrsta sinn sem verkið er flutt í fullri lengd á Íslandi.

En afmælin á starfsárinu eru fleiri. Mikilvægur þáttur í fræðslustarfi hljómsveitarinnar er starf Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem í september fagnar 10 ára afmæli sínu. Af því tilefni mun Ungsveitin leika hina glæsilegu níundu sífóníu Beethovens á tónleikum þann 22. september ásamt ungum einsöngvurum auk þess sem fjöldi kóra tekur þátt í verkefninu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er á hraðri siglingu. Þessi einstaka og metnaðarfulla hljómsveit, þar sem valinn maður er í hverju rúmi, mun á starfsárinu fylla Hörpu og fjölda annarra tónleikasala víðsvegar um Evrópu af ógleymanlegum augnablikum. Með starfi okkar speglum við fortíðina en mótum um leið framtíðina. Við erum full eftirvæntingar og hlökkum til þess að eiga samtal við hlustendur okkar í gegnum tungumál tónlistarinnar sem sameinar alla á sinn einstaka hátt.

Njótið vel!



Margrét Arnadóttir
sello

TÓNLEIKARADIR

RAUÐA RÖÐIN



Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra sínfóníuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.



SJÖ TÓNLEIKAR

FIM 12. SEP 19:30
**RAVEL OG SIBELIUS:
UPPHAFSTÓNLEIKAR**
Georges Bizet *L'Arlésienne, svíta* / Maurice Ravel
Píanókoncert fyrir vinstri hönd / Anna Þorvaldsdóttir
Aeriality / Jean Sibelius *Sinfónía nr. 1* | Yan Pascal
Tortelier hljómsveitarstjóri / Jean-Efflam Bavouzet einleikari

FIM 10. OKT 19:30
BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ
Johannes Brahms *Píanókoncert nr. 2* / Pjotr Tsjaikovskíj
Sinfónía nr. 6, „Pathétique“ | Han-Na Chang
hljómsveitarstjóri / Stephen Hough einleikari

FIM 7. NÓV 19:30
**VÍKINGUR OG DANÍEL: Á LEIÐ TIL
ÞÝSKALANDS**
Edvard Grieg *Pétur Gautur, valdir þættir* / Daniel Bjarnason
Processions, píanókoncert W.A. Mozart *Hornkoncert
nr. 3* / Jean Sibelius *Sinfónía nr. 5* | Daniel Bjarnason
hljómsveitarstjóri / Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari /
Radovan Vlatković einleikari

FIM 23. JAN 19:30
INKINEN STJÓRNAR BARTÓK
Anna Clyne *Masquerade* / William Walton *Viólukoncert*
/ Béla Bartók *Konsert fyrir hljómsveit* | Pietari Inkinen
hljómsveitarstjóri / Nils Mönkemeyer einleikari

FIM 5. MAR 19:30
**MAHLER OG SIBELIUS
70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR**
Páll Ísólsson *Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar* / Jean
Sibelius *Fiðlukoncert* / Gustav Mahler *Sinfónía nr. 1* | Eva
Ollikainen hljómsveitarstjóri / Augustin Hadelich einleikari

FIM 26. MAR 19:30
RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA II
Sofía Gubaidulina *Offertorium, fiðlukoncert* /
Sergej Rakhmanínov *Sinfónía nr. 2* | Antonio Méndez
hljómsveitarstjóri / Vadim Gluzman einleikari

MÍD 27. MAÍ 18:30
VALKYRJAN
Richard Wagner *Valkyrjan (Die Walküre)* | Alexander
Vedernikov hljómsveitarstjóri / Julia Burbach leikstjóri
/ Tal Rosner videóhönnun og útlit / Christine Goerke
Brúnhilde Christopher Ventris Siegmund / Jamie Barton
Fricka / Claire Rutter Sieglinde / Ólafur Kjartan Sigurðarson
Wotan / Frode Olsen Hundung / ásamt fleiri söngvurum

GULA RÖÐIN



Afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyrna fjölbreytilega tónlist frá ýmsum tímum.



SJÖ TÓNLEIKAR

FIM 19. SEP 19:30
DEBUSSY OG PROKOFÍEV
Claude Debussy *Forleikur að Síðdegi skógarpúkans*
Jennifer Higdon *Fiðlukoncert* / Sergej Prokofíev
Sinfónía nr. 5 | Roderick Cox hljómsveitarstjóri /
Benjamin Beilman einleikari

FIM 24. OKT 19:30
BACH, HÄNDEL OG HAYDN
Johann Sebastian Bach *Hljómsveitarsvíta nr. 1*
Georg Muffat *Passacaglia úr sönötu nr. 5* / Georg
Friederich Händel *Concerto grosso op. 3 nr. 2* / Maria
Antonia Walpurgis *Talestri, forleikur* / Anna Amalia
af Braunschweig-Wolfenbüttel *Erwin und Elmore,
millispil* / Joseph Haydn *Sinfónía nr. 102* | Matthew
Halls hljómsveitarstjóri / Matthew Truscott einleikari og
konsertmeistari

FIM 28. NÓV 19:30
DIMITRÍ ÞÓR OG SIBELIUS
Joseph Bologne *Sinfónía í D-dúr* / Jean Françaix
Klarinettkoncert / Jean Sibelius *Lemminkäinen-svíta* |
Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri / Dimitrí Þór Ashkenazy
einleikari

FÖS 21. FEB 19:30
MAHLER OG DEBUSSY
Lili Boulanger *D'un matin de printemps* / Gustav Mahler
Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn / Benjamin Britten
Sea Interludes úr Peter Grimes / Claude Debussy
La mer | Hannu Lintu hljómsveitarstjóri / Michelle
DeYoung einsöngvari

FIM 19. MAR 19:30
MOZART OG KURT WEILL
Ígor Stravinskíj *Sinfóníur fyrir blásara* / Kurt Weill
Fiðlukoncert / W.A. Mozart *Serenaða nr. 10, „Gran
partita“* | Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri / Erin Keefe
einleikari

FIM 7. MAÍ 19:30
BRAHMS OG SHOSTAKOVITSJ
Sveinn Lúðvík Björnsson *Glerhjallar, frumflutningur*
Dmítríj Shostakovítsj *Sellókoncert nr. 2* / Johannes
Brahms *Sinfónía nr. 2* | Rafael Payare hljómsveitarstjóri /
Alisa Weilerstein einleikari

FÖS 5. JÚN 19:30
RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA III
Páll Ragnar Pálsson *Yfirráðandi kyrrá* / Sofía
Gubaidulina *Konsert fyrir fiðlu, selló og bejan* / Sergej
Rakhmanínov *Sinfónískir dansar* | Olari Elts hljómsveitarstjóri / Baiba Skride, Harriet Krijgh og Elsbeth
Moser einleikarar

GRÆNA RÖÐIN



Þeir sem hafa gaman af vinsælli klassík af léttara taginu ættu að kynna sér Grænu röðina.



FIMM TÓNLEIKAR

FIM 26. SEP 19:30
SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ
Ludwig van Beethoven *Egmont, forleikur* / Joseph
Haydn *Sellókoncert í D-dúr* / Dmítríj Shostakovítsj
Sinfónía nr. 5 | Karína Canellakis hljómsveitarstjóri /
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

FIM 5. DES 19:30
**ADVENTUTÓNLEIKAR: MEISTARAR
BAROKKSINS**
Jean-Philippe Rameau *Forleikur og Chaconne úr Les
Indes galantes* / Jean-Baptiste Lully *Les Bourgeois
gentilhomme, svíta* / Georg Philipp Telemann
Alster-svíta / Johann Sebastian Bach *Hljómsveitarsvíta
nr. 4* | Maxim Emelyanov hljómsveitarstjóri

FIM 9. JAN 19:30
VÍNARTÓNLEIKAR
Óperettúónlist og valsar eftir Johann Strauss yngri,
Franz Lehár, Pjotr Tsjaikovskíj, Mélanie Bonis og
fleiri. | Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri /
Jóna G. Kolbrúnardóttir einsöngvari / Garðar Thor Cortes
einsöngvari

FIM 12. MAR 19:30
RÚSSNESK VEISLA
Sergej Rakhmanínov *Píanókoncert nr. 3* / Pjotr Tsjaikov-
skíj *Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur* / Ígor Stravinskíj
Eldfuglinn, svíta | Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveit-
arstjóri / Olga Kern einleikari

FIM 14. MAÍ 19:30
HALLVEIG SYNGUR MOZART
W.A. Mozart *Brúðkaup Figarós, forleikur* / W.A. Mozart
Ariur úr Brúðkaupi Figarós, Don Giovanni, Così fan tutte
o.fl. W.A. Mozart *Chaconne úr Idomeneo* / W.A. Mozart
Sinfónía nr. 40 | Jonathan Cohen hljómsveitarstjóri /
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari

LITLI TÓNSPROTINN



Áskrift fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistarunnendurnir kynna töfrum tónlistarinnar.



FERNIR TÓNLEIKAR

LAU 5. OKT 14:00

TÍMAFLAKK Í TÓNHEIMUM

Tónleikagestum er boðið í tímaflakk um tónheima þar sem Sinfóníuhljómsveitin staddir við merk kennileiti á tímaási tónlistarsögunnar | Michelle Merrill hljómsveitarstjóri / Þurður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson kynnar

LAU 14. & SUN 15. DES 14:00 & 16:00

JÓLATÓNLEIKAR

Hátíðleg og fjölbreytt jólatónlist

Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri / Trúðurinn Barbara kynnir / Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar / Stúlnakór Reykjavíkur og Litlu sprotarnir Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar / Dansarar úr Listdansskóla Íslands / Hörpuhópur / Blokkflautusveit Tónlistarskóla Árnesinga / Ungir trommuleikarar

LAU 14. MAR 14:00

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

Atli Heimir Sveinsson Dimmalimm / Pjotr Tsjajkovskij Úr Svanavatninu / Atli Heimir Sveinsson Kvæðið um fuglana | Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri / Trúðurinn Barbara sögumaður og kynnir / Nemendur úr Listdansskóla Íslands / Gradualekór Langholtskirkju

LAU 25. APR 14:00

HVAR ER HÚFAN MÍN?

Tónlist úr ævintýrum Thorbjörns Egner

Marit Strindlund hljómsveitarstjóri / Jóhann G. Jóhannsson útsetningar / Jóhanna Vígdís Arnadóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Örn Árnason söngvarar og sögumenn / Skólakór Kársness

FÖSTUDAGSRÖÐIN



Styttir tónleikar í Norðurljósum sem eru fullkominn upptaktur að skemmtilegri helgi.



PRENNIR TÓNLEIKAR

FÖS 17. JAN 18:00 RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA I

Sergej Rakhmaninov Trio élégíaque nr. 1 / Sofia Gubaidulina Pianókvintett | Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla / Nicola Lolli fiðla / Páll Palomares fiðla / Gregory Aronovich víola / Bryndís Halla Gyldadóttir selló / Sigurgeir Agnarsson selló / Anna Guðný Guðmundsdóttir pianó

FÖS 20. MAR 18:00 UPPLJÓMUÐ NÓTT

Arnold Schönberg Verklarte Nacht (Uppljómuð nótt) / Béla Bartók Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu | Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands / Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri

FÖS 8. MAÍ 18:00 SÓLSKINSSINFÓNÍAN

Grazyna Bacewicz Kwartett fyrir fjórar fiðlur / Johannes Brahms Sinfónía nr. 2 | Rafael Payare hljómsveitarstjóri / Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla / Una Sveinbjarnardóttir fiðla / Páll Palomares fiðla / Vera Panitch fiðla

ÁSKRIFTARKORT

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SNILLD

- Áskrift veitir þér **20% afslátt** af miðaverði og fast sæti í allan vetur.
- Áskrifendur fá **10% afslátt** af viðbótarmiðum á alla tónleika og gjafakortum hljómsveitarinnar.
- Tvær áskriftaraðir veita **25% afslátt** af miðaverði og þrjár áskriftaraðir veita **30% afslátt** af miðaverði.
- Áskrifendur biða ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, ganga alltaf að sætum sínum vísam og eiga forkaupsrétt á því sæti þegar áskrift er endurnýjuð.

MIÐASALA

- Sala og endurnýjun áskrifta fer fram í miðasölu Hörpu og á **sinfonia.is**
- Upplýsingar um sætaskipan í Eldborg er að finna á bls. 78-79.
- **Miðasala Hörpu** er opin alla daga frá 12 til 18 og lengur á tónleikadögum.
- **Sími 528-5050**

Skannaðu og hlustaðu á dagskrána

Við áskriftaraðir og tónleika er að finna Spotify-kóða. Þú finnur lagalistann með því að smella á myndavélarátnið í Spotify-appinu í símanum og tekur mynd af kóðanum við tónleikana. Þannig getur þú hlustað á verkin og kynnt þér dagskrána.

REGNBOGAKORT

FYRIR ÞÁ SEM VILJA
SETJA SAMAN SÍNA
EIGIN TÓNLEIKARÖÐ

- Með Regnbogakorti getur þú valið **ferna eða fleiri tónleika** sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins.
- Tryggðu þér gott sæti með **20% afslætti** af miðaverði.
- Hægt er að kaupa áskrift og Regnbogakort á **sinfonia.is**.
- Ungt fólk, 25 ára og yngra, fær **50% afslátt** af Regnbogakorti í miðasölu Hörpu.


SKÓLAKORT

FYRIR UNGT FÓLK 25
ÁRA OG YNGRA OG
TÓNLISTARNEMA

- Miði á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á **1.800 kr.** með Skólakorti.
- Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.
- Skráðu þig fyrir skólakorti í miðasölu Hörpu eða á **sinfonia.is/skolakort**.

Nokkrar tillögur að Regnbogakorti

STÓRBROTID OG SPENNANDI



Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja stórbrotna og kröftuga sínfóníutónleika.

- 19. SEPTEMBER
DEBUSSY OG PROKOFÍEV
- 26. SEPTEMBER
SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ
- 10. OKTÓBER
BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ
- 23. JANÚAR
INKINEN STJÓRNAR BARTÓK
- 5. MARS
**70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR:
MAHLER OG SIBELIUS**
- 12. MARS
RÚSSNESK VEISLA
- 26. MARS
RAKHMÁNÍNOV OG GUBAIDULINA II
- 27. OG 29. MAÍ
VALKYRJAN
- 5. JÚNÍ
RAKHMÁNÍNOV OG GUBAIDULINA III

EINLEIKARAR Í FREMSTU RÖÐ



Enginn verður svikinn af því að setja þessa snillinga á Regnbogakortið sitt.

- 12. SEPTEMBER
JEAN-EFFLAM BAVOUZET
- 19. SEPTEMBER
BENJAMIN BEILMAN
- 10. OKTÓBER
STEPHEN HOUGH
- 7. NÓVEMBER
VÍKINGUR HEIDAR ÓLAFSSON
- 5. MARS
AUGUSTIN HADELICH
- 12. MARS
OLGA KERN
- 19. MARS
ERIN KEEFE
- 26. MARS
VADIM GLUZMAN
- 7. MAÍ
ALISA WEILERSTEIN

ÓVÆNT OG SKEMMTILEGT



Einmitt það sem þarf með á Regnbogakortið til að auka á fjölbreytileikann.

- 30. ÁGÚST
KLASSÍKIN OKKAR
- 9.-11. JANÚAR
VÍNARTÓNLEIKAR
- 20. MARS
**FÖSTUDAGSRÖÐIN:
UPPLJÓMUÐ NÓTT**
- 1. APRÍL
AIÖN
- 27. MAÍ OG 29. MAÍ
VALKYRJAN

ÍSLENSKA RÖÐIN



Íslensk tónlist og íslenskir sólistar í fremstu röð.

- 30. ÁGÚST
KLASSÍKIN OKKAR
- 7. NÓVEMBER
VÍKINGUR OG DANÍEL
- 28. NÓVEMBER
DIMITRI ÞÓR ASHKENAZY
- 30. JANÚAR
HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM
- 5. MARS
PÁLL ÍSÓLFSSON
- 12. MARS
BJARNI FRÍMANN BJARNASON
- 01. APRÍL
ANNA OG ERNA: AIÖN
- 7. MAÍ
SVEINN LÚÐVÍK BJÖRNSSON
- 14. MAÍ
HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR
- 5. JÚNÍ
PÁLL RAGNAR PÁLSSON



Martial Nardéau
flauta

OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvenna tónleika. Aðgangur að tónleikunum er **ókeypis** og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Hægt er að nálgast miða frá kl. 11 á tónleikadegi í miðasölu Hörpu og á **[sinfonia.is](#)** .

KL. 15:00 Í ELDBORG

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS

Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Valur Freyr Einarsson
sögumaður



Sagan um Maxímús Músíkús er hjartnæmt tónlistarævintýri um mús sem villist inn á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit. Á æfingunni kynnist Maxi tónlistinni af eigin raun og tekur hlustendur með sér inn í heillandi hljóðheim sinfóníuhljómsveitarinnar. Tónlistin sem hljómar á tónleikunum er úr ýmsum áttum og má þar nefna Bolero eftir Maurice Ravel og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns. Ævintýrið um Maxa hefur hlotið margvíslegar

viðurkenningar og verðlaun og verið þýtt á fjölda tungumála. Verndari verkefnisins er Vladimir Ashkenazy, aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari er höfundur tónlistarævintýranna um Maxímús Músíkús og Þórarinn Már Baldursson myndskreytir sögurnar. Hallfríður og Þórarinn eru bæði hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

KL. 17:00 Í ELDBORG

MARABONTÓNLEIKAR

Tónlist eftir **J.S. Bach, Leonard Bernstein, Gioachino Rossini, Ethel Smyth, John Williams, Vangelis** og fleiri

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Haldóra Geirharðsdóttir
kynnir

Á seinni tónleikunum á Menningarnótt verður leikin fjörmikil og hressileg tónlist til heiðurs þeim sem lokið hafa hlaupi þennan dag.

Reykjavíkumarabon verður hlaupið í 36. sinn á Menningarnótt í Reykjavík 2019. Margir meðlimir Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa tekið þátt í hlaupinu gegnum árin, og fjölmargir hlauparar eru dyggir áheyrendur sinfónískrar tónlistar. Á seinni tónleikum Sinfóníunnar á Menningarnótt verður leikin fjörmikil og hressileg tónlist til heiðurs þeim sem lokið hafa hlaupi þennan dag – en einnig öllum hinum sem fylgdust með af hliðarlínunni og hvöttu sitt fólk til dáða.

Tónleikarnir hefjast á Ólympíustefinu fræga eftir John Williams og þeim lýkur með hinu eina sanna hlaupalagi, stefinu vinsæla úr kvikmyndinni Chariots of Fire. Inn á milli hljóma taktfastir tónar, meðal annars Mambó eftir Bernstein, þáttur úr Brandenborgarkonsert eftir Bach og forleikurinn að Vilhjálmi Tell eftir Rossini. Páll Óskar Hjálmtýsson lítur við í lok tónleikanna og syngur með hljómsveitinni.

Þetta verða bráðskemmtilegir tónleikar sem öll fjölskyldan getur notið saman.





Bjarni Frimann Bjarnason
aðstoðarstjórnandi

„Maður mætir alltaf sjálfum sér í þessu starfi“

Bjarni Frímanna Bjarnason er nýr aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur vakið mikla athygli fyrir störf sín undanfarin misseri. Hann er auk þess tónlistarstjóri Íslensku óperunnar og hefur getið sér gott orð sem píanóleikari. Raunar hefur hann komið víða við í tónlistinni, hann lék til dæmis víólukonsert Bartóks með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum Ungir einleikarar árið 2009. Bjarni Frímanna er aðeins þrítugur að aldri en hefur þegar afrekað margt í tónlistarheiminum og ljóst að leiðin liggur enn upp á við.

Starf aðstoðarhljómsveitarstjórans

Í hverju felst starf aðstoðarhljómsveitarstjóra? „Þetta starf þýðir í raun bara það sem orðið felur í sér,“ segir Bjarni, „annars vegar að stjórna hljómsveitinni og hins vegar að aðstoða, það er þannig sem starfið er samansett. Ég er á svæðinu og er til taks þegar menn forfallast eins og hefur gerst tvisvar á þessu starfsári. Auk þess sit ég í verkefnavalsnefnd og er hluti af listrænu teymi hljómsveitarinnar. Svo er ég náttúrulega með allskonar tónleika, ég stjórna til dæmis barna- og fjölskyldutónleikum og einnig kemur fyrir að ég stjórni æfingum í forföllum. Svo fylgist ég með gangi mála, ég er svona eins og hússtjórnandinn, ég reyni að mæta á flesta tónleika hljómsveitarinnar og er til taks fyrir þá stjórnendur sem koma ef þeir óska þess. Svo fylgist ég með því hvernig hljómsveitin spilar frá viku til viku og er sennilega með betri loftmynd af henni en margir kollegar mínir þar sem ég er svo mikið á svæðinu.“

Óvænt debut

Á síðasta starfsári forfallaðist aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar, Yan Pascal Tortelier, með afar skömmum fyrirvara og Bjarni Frímanna var kallaður til. Skyldi hann hafa verið nervös? „Nei, ég hef nefnilega bara sjaldan verið rólegri,“ segir Bjarni grafalvarlegur, „af því að ég þekki hljómsveitina vel og hún þekkir mig og það ríkir gott traust á milli okkar. Að mörgu leyti var þetta ekki alveg óskaprógrammið til að stökkva inn í með nær engum fyrirvara. Á dauða mínum átti ég von frekar en þessu. Ég reyni að fylgjast vel með og kynna mér verkinn sem eru á dagskránni þannig að ég sé tilbúinn ef eitthvað skyldi koma upp á, en ég hafði aldrei þessu vant ekki kynnt mér efnisskrá þessarar viku. Það er nú líka kallað að stökkva inn þegar maður fær nokkrar vikur til undirbúnings, en að hafa sólarhring er svona frekar í styttra lagi. Sérstaklega þar sem á efnisskránni voru verk sem stjórnendur eru yfirleitt ekki með á takteinum. En þetta gekk vel, að minnsta kosti var hljómsveitin róleg og ég var það sjálfur. Maður mætir alltaf sjálfum sér í þessu starfi, ef ég er rólegur er fólk rólegt og svo öfugt. Það hjálpaði auðvitað til að hljómsveitin sýndi mér svo mikið traust og mikinn skilning.“

Langþráður draumur

Bjarni Frímanna mun stýra Vínartónleikum í janúar 2020 og einnig áskriftartónleikum í mars sem segja má að hafi átt að verða hans formlegu debut-tónleikar sem aðstoðarhljómsveitarstjóri. „Það hefur nú eiginlega verið mín heitasta ósk í þessu starfi að fá heila viku með hljómsveitinni þar sem ég hef nægan tíma til að æfa og setja mínar áherslur á verkefni,“ segir hann „Að vissu leyti til að sýna hvað í mér býr en ekki síður til að sýna hvað mér finnst búa í hljómsveitinni, það er kannski frekar það sem þetta snýst um. Ég hef eiginlega verið að stjórna öllum þessum verkum með sveitinni í fyrsta sinn, ég er ekki enn hokinn af reynslu heldur frekar sperrtur af reynsluleysi. En að stjórna þessum tónleikum í mars er mikið tilhlökkunarefni og langþráður draumur. Það er gaman að fá að stjórna þriðja píanókonserti Rakhmaninovs með Olgu Kern, hann er fyrir mér svona svolítið stóra steikin á þessum tónleikum. En á prógramminu er líka Eldfugl Stravinskíjs, sem er ótrúlegt stykki í alla staði, og líka Rómeó og Júlía Tsjajkovskíjs, sem er ekki síður magnað tónverk og er mér mjög kært. Ég hef alltaf haft dálitla taug til rússneskrar tónlistar, ekki síst píanótónlistarinnar, sem ég hef sjálfur spilað. Mér finnst auðvelt að samsama mig þessari tónlist.“

„Ég hef eiginlega verið að stjórna öllum þessum verkum með sveitinni í fyrsta sinn, ég er ekki enn hokinn af reynslu heldur frekar sperrtur af reynsluleysi.“

TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

KLASSÍKIN OKKAR



Tónlist eftir **Johann Pachelbel, Georg Friederich Händel, Wolfgang Amadeus Mozart, Johannes Brahms, Giacomo Puccini, Edward Elgar, Gustav Mahler, Sergej Prokofjev, John Williams** og fleiri.

Daníel Bjarnason
hljóm sveitarstjóri

Argunnur Árnadóttir og Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikarar

Elmar Gilbertsson og Hallveig Rúnarsdóttir
einsöngvarar

Hljómeyki
Mótettukór Hallgrímskirkju
Söngsveitin Filharmónía

Magnús Ragnarsson, Hörður Áskelsson og Þorvaldur Örn Davíðsson
kórstjórar

Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson
kynnar

Tónleikarnir Klassíkin okkar hafa vakið geysimikla athygli undanfarin ár og verða nú haldnir í fjórða sinn í samstarfi við RÚV. Í ár var kallað eftir sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á Íslendinga, hvernig þau minna á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið. Úrval þeirra verka sem tilnefnd eru verður flutt á sérstökum hátíðartónleikum í Eldborg sem um leið eru upptaktur að glæsilegu starfsári Símfóníuhljóm sveitarinnar.

Fjöldi tillagna barst í þetta sinn og verður efnisskráin með einkar fjölbreyttu móti. Verk úr einleikskonsertum, kórverkum og óperuáriur hljóma ásamt tilþrífamiklum

hljóm sveitarverkum og spannar efnisskráin allt frá barokkímanum til síðustu ára.

Meðal verkanna sem hljóma eru Kanón eftir Pachelbel, Hallelúja-kórinn úr Messíasi, þættir úr sálumessu Mozarts, Nimrod úr Enigma-tilbrigðum Elgars og ariur úr óperunum Madama Butterfly og La bohème eftir Puccini. Nákvæm efnisskrá verður tilkynnt á vef hljóm sveitarinnar í byrjun júní.

Hljóm sveitarstjóri er Daníel Bjarnason en einnig kemur fram fjöldi einsöngvara, einleikara og kóra enda efnisskráin bæði fjölbreytt og sérlega glæsileg.

Tónleikarnir verða sýndir í beinni útsendingu á RÚV.

Tónleikarnir Klassíkin okkar hafa vakið geysimikla athygli undanfarin ár og verða nú haldnir í fjórða sinn í samstarfi við RÚV.



ÞRIÐJUDAGUR **3. SEPTEMBER** 19:30 **TÓNLEIKAR Í REYKJANESBÆ**
FIMMTUDAGUR **5. SEPTEMBER** 19:30 **TÓNLEIKAR Á ÍSAFIRÐI**

LANDSHORNA Á MILLI

Edvard Grieg Pétur Gautur, valdir þættir

W.A. Mozart Hornkonsert nr. 3

Vinsæl sönglög og aríur

Jean Sibelius Sinfónía nr. 5

Frédéric Chopin úr píanókonsert nr. 2

Páll Ísólfsson Úr útsæ rísa Íslands fjöll



Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Stefán Jón Bernharðsson
einleikari

Bylgja Dís Gunnarsdóttir
einsöngvari

Herdís Anna Jónasdóttir
einsöngvari

Mikolaj Ólafur Frach
einleikari

**Hátíðarkór Tónlistarskóla
Ísafjarðar**

Sinfóníuhljómsveit Íslands fer á flakk og heldur tónleika á Ísafirði og í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ.

Tónlistarskóli Ísafjarðar og Tónlistarfélag Ísafjarðar héldu upp á 70 ára afmæli sitt með viðamikilli hátíðardagskrá síðla árs 2018. Síðasti liður hátíðahaldanna eru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Ísafirði.

Tvær frábærar sópransöngkonur flytja vinsæl sönglög og aríur með hljómsveitinni, hvor í sinni heimabyggð. Herdís Anna Jónasdóttir er borin og barnfædd á Ísafirði og vakti nýverið mikla hrifningu fyrir söng sinn í La traviata hjá Íslensku óperunni. Bylgja Dís Gunnarsdóttir hefur sungið víða, meðal annars aðalhlutverkið í Toscu í rómaðri sýningu í Keflavíkukirkju árið 2011, og hún kennir við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Á Ísafirði kemur einnig fram Hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar auk þess sem hinn bráðefnilegi píanóleikari Mikolaj Ólafur Frach, sem er aðeins 18 ára gamall, leikur lokabátt úr píanókonsert nr. 2 eftir Chopin.

Á báðum tónleikunum hljóma valdir kaflar úr vinsælli leikhústónlist Griegs við Pétur Gaut, meðal annars Morgunstemning og Í höll Dofrakonungs. Stefán Jón Bernharðsson, sem leiðir horndeild Sinfóníuhljómsveitarinnar, leikur einleik í hornkonserti sem Mozart samdi á hátindi ferils síns, um svipað leyti og hann samdi óperuna Brúðkaup Figarós. Tónleikunum lýkur með hinni stórfenglegu fimmtu sinfóníu Sibeliusar.

Daníel Bjarnason aðalgestastjórnandi
og Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld tekin tali

Skapað af gleði og ástríðu



Daníel Bjarnason er nýráðinn aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands en hann hefur starfað mikið með hljómsveitinni síðastliðin 10 ár. Hann var staðarlistamaður hljómsveitarinnar á árunum 2015–18 og Anna Þorvaldsdóttir er á öðru ári sínu sem staðartónskáld hljómsveitarinnar. Bæði munu þau eiga verk á tveimur tónleikaferðum hljómsveitarinnar á þessu starfsári og Daníel mun auk þess stýra hljómsveitinni í fyrri tónleikaferðinni. Daníel var fyrst spurður að því hvort þessi nýi titill breyti einhverju varðandi aðkomu hans að hljómsveitinni.

Rödd nýrrar tónlistar

„Þessi staða er ákveðinn rammi utan um það samstarf sem ég hef átt við hljómsveitina,“ segir Daníel „og það er bara heiður að fá þennan titil og að þetta sé gert formlegt með þessum hætti. Ég mun vinna talsvert mikið með hljómsveitinni á þessu starfsári, stjórná tónleikum hér heima og svo fer ég með henni í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis í nóvember. Svo höfum við verið að hljóðrita ný og nýleg íslensk hljómsveitarverk og einleikskonserta fyrir útgáfufyrirtækið Sono Luminus. Ein plata, sem heitir Recurrence, er komin út, en tvær aðrar líta dagsins ljós einhvern tímann á næstunni. Saman verða þær eins konar yfirlit yfir nýja íslenska hljómsveitartónlist.“ Anna var næst spurð að því hvernig hennar starf hefði gengið og hvort það héldist óbreytt. „Þetta hlutverk er í raun mjög mikilvægt, fyrir mér snýst það mikið um að vera rödd nýrrar tónlistar í starfi hljómsveitarinnar. Verkefni eru mjög fjölbreytt, ég er til dæmis í verkefnavalsnefnd, ég held utan um Yrkju, starfsþróunarverkefni hljómsveitarinnar fyrir ung tónskáld, og auk þess kemur hljómsveitin að stórum pöntunum sem ég er að vinna að. Þar með er ég auðvitað líka að skrifa tónlist fyrir hljómsveitina og aðrar hljómsveitir líka. En það er mjög ánægjulegt fyrir mig að fá að taka þátt í þessu samstarfi því þetta er mikilvægt starf.“ Daníel tekur undir þetta og segir: „Ég held líka að það sé gott fyrir hljómsveitina að hafa tónskáld innan sinna raða, einhvern sem gerir meira en bara semja tónlist, til dæmis að taka þátt í hugmyndavinnu, mótun og að skapa framtíðarsýn.“

„Ég verð að skipuleggja mig vel og tek inn pantanir fimm ár fram í tímann, en það er erfitt að sjá hverju sinni hvar maður verður að fimm árum liðnum.“

Vinsæl verk

Á tónleikaferð hljómsveitarinnar til Þýskalands og Austurríkis í nóvember 2019 verða á efnisskránni verk eftir þau bæði: Aeriality eftir Önnu og Processions, píanókonert Daníels. Aeriality verður einnig á efnisskrá sveitarinnar í Bretlandsferð í febrúar 2020. Aðspurð um hvort ekki mætti segja sem svo að þetta væru þeirra vinsælustu verk, svöruðu þau á þessa leið. „Að minnsta kosti hvað mitt verk varðar,“ segir Anna. „Aeriality hefur verið spilað af rúmlega 30 hljómsveitum um allan heim, sem er frábært. Það er líka ofboðslega gaman að fá að fara með hljómsveitinni til Bretlands, en ég fer með í þá tónleikaferð og verið er að skipuleggja ýmsa viðburði í kringum það, tónleikakynningar, fyrirlestra og meistaranámskeið fyrir ung tónskáld.“ Daníel segir að sennilega sé sellóverkið Bow to String hans vinsælasta verk, en margir sellóleikarar hafa flutt það víðsvegar um heiminn. „Tónleikarnir þar sem við Vikingur Heiðar frumfluttum Processions ásamt Sinfóniunni í Háskólabíói árið 2009 voru hins vegar afskaplega minnstæðir. Svo lá verkið í dvala í nokkur ár en er núna að vekja athygli aftur. Hingað til hefur það bara verið Vikingur sem hefur leikið einleikspartinn en nú stefnir allt í það að annar píanisti leiki það á tónleikum í Ástralíu í október. Það er auðvitað mikilvægt fyrir svona konserta að það séu einleikarar sem taki þá upp á sína arma og flytji, ekki bara að hljómsveitarstjórar leggi til að verkið skuli flutt.“

Stærsta verk Önnu til þessa

Nýtt verk eftir Önnu, AIÓN, var frumflutt í maí 2019 en verkið var pantað af Sinfóníu-hljómsveitinni í Gautaborg og frumflutt af henni og Íslenska dansflokknum, en Sinfóníu-hljómsveit Íslands er samstarfsaðili að verkefninu. „Þetta er stærsta hljómsveitarverk mitt til þessa,“ segir Anna, „45 mínútur af tónlist. Erna Ómarsdóttir er danshöfundur og það sem mér finnst sérlega spennandi og óvenjulegt við þetta verk er að hljómsveitin er á sviðinu með dönsurunum, en ekki ofan í gryfju eins og venjulega. Það myndar sérstaka stemningu að hljómsveitin sé ekki hulin sjónum heldur hluti af hinu sýnilega og stundum líka af hreyfingunni. Verkið er skrifað jöfnum höndum sem dansverk og svo eingöngu tónleikaverk án dansins, þannig að það mun eiga sér sitt eigið líf sem hljómsveitarverk í þremur þáttum.“ Daníel grípur inn í og spyr hvort kaflarnir standi einir og sér eða hvort flytja verði verkið í heild sinni. „Ég hafði verkið í þremur þáttum,“ svarar Anna, „og ég hugsaði með mér að það yrði að endingu hægt að spila þá staka. Til að byrja með finnst mér samt spennandi að leyfa það ekki og sjá hvað gerist. En ég er meðvitund um að þetta er langt verk og í framtíðinni mun verða hægt að spila hvern þátt stakan.“

„Galdurinn er að halda í neistann“

Að lokum eru þau spurð hvort þau hafi einhvern tímann á sínum yngri árum leyft sér að dreyma um að semja verk fyrir hljómsveitir á borð við Fílharmóníusveitir Los Angeles eða Berlínar.

Það verður stundarpögn en svo segir Daníel: „Nei, ég get ekki sagt að það hafi verið markmið mitt. Ég hugsaði eiginlega ekki út í það, þannig að í hvert skipti sem ég fæ fréttir af stórum pöntunum frá þekktum hljómsveitum þá kemur það mér alltaf jafn mikið á óvart,“ segir Daníel og hlær. Anna jánkur og segir: „Ég er alveg á því að þetta sé eitthvað sem maður getur ekki skipulagt. Það eina sem maður getur gert er bara að vinna að því sem maður hefur ástríðu fyrir og brennur fyrir í tónlistinni. Í okkar tilfellum hefur það skilað sér í því að til okkar hefur verið leitað og það er alveg stórkostlegt. En ég þorði aldrei að hugsa svo langt eða að reyna að skipuleggja það, því það er hvort eð er ekki hægt.“ Anna heldur áfram og segir: „Ég verð að skipuleggja mig vel og tek inn pantanir fimm ár fram í tímann, en það er erfitt að sjá hverju sinni hvar maður verður að fimm árum liðnum.“

Daníel skýtur því inn að hann vinni á svipaðan hátt en fimm ár séu alltof langur tími. „Ég veit,“ segir Anna, „þetta er mjög skrýtið, en til dæmis kom beiðnin um verkið sem ég var að klára, AIÓN, til mín fyrir fimm árum síðan. Auðvitað skipuleggur maður og svo þegar maður fer loks að vinna að verkinu þá mótast maður það í samræmi við það hvar maður er staddur á þeim tíma. Það er ákveðinn lúxus að geta bara tekið að sér góð verkefni, sem ég veit að ég muni hafa ástríðu fyrir að skrifa. Ég reyni að passa mig á að taka ekki of mikið að mér heldur einbeiti ég mér að einu verki í einu, því það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir að hafa nægan tíma þegar maður semur tónlist.“ Þegar skotið er að þeim að verkin hljóti þá að kosta meira, þá hlæja þau bæði. „Einhvern veginn verður maður að lifa!“ segir Anna. „Anna er orðin rándýr,“ segir Daníel hlæjandi og heldur áfram: „Ég verð að reyna að læra af Önnu! Ég á það til að taka alltof mikið að mér en einhvern veginn gengur þetta allt upp og maður bara vonar að maður haldi heilsu og gleðinni og haldi áfram að hafa ánægju af því að skapa tónlist. Að geta verið spontant jafnvel þó maður plani langt fram í tímann.“ „Auðvitað er þetta stundum erfitt,“ segir Anna, „en þetta á heldur ekkert að vera auðvelt. Maður er náttúrulega bara manneskja, maður verður að hafa neistann og hann kemur af gleðinni og ástríðunni. Galdurinn er að geta skipulagt sína vinnu en samt haldið í þennan neista sem kviknar í hverju andartaki sköpunarinnar.“

UPPHAFSTÓNLEIKAR

RAVEL OG SIBELIUS



Georges Bizet L'Arlésienne, svíta

Maurice Ravel Píanókonsert fyrir vinstri hönd

Anna Þorvaldsdóttir Aeriality

Jean Sibelius Sinfónía nr. 1

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

Franski píanósnillingurinn Jean-Efflam Bavouzet og glæsileg efnisskrá með franskri og norrænni tónlist á fyrstu áskriftartónleikum vetrarins.

Á fyrstu áskriftartónleikum starfsársins hljómar glæsileg efnisskrá með franskri og norrænni tónlist. Þessi efnisskrá verður svo tekin aftur upp í febrúar 2020, en þá heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Bretlands. Það er fyrrum aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, Yan Pascal Tortelier, sem heldur um tónsprotann.

Franski píanósnillingurinn Jean-Efflam Bavouzet heillaði tónleikagesti upp úr skónum á Listahátíð í Reykjavík 2016, þegar hann lék píanókonsert Ravel's með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Samkvæmt gagnrýnanda Fréttablaðsins tók hann „þvílík heljarstökk eftir hljómborðinu að maður saup hveljur“ og viðtökurnar voru eftir því. Nú kemur hann með hinn píanókonsert Ravel's í farteskinu, þann sem tónskáldið samdi fyrir þýska píanistann Paul Wittgenstein. Sá hafði misst hægri hönd í heimsstyrjöldinni fyrri en hélt ótrauður áfram tónleikahaldi og pantaði fjölda verka frá samtímatónskáldum.

Fyrsta sinfónía Sibeliusar er dásamlegt verk í rómantískum anda, samin undir sterkum áhrifum frá Tsjajkovskíj. Engu síðri er sviðsmúsík Bizet's við leikritið Stúlkan frá Arles, sem sett var á svið í París árið 1872, þremur árum áður en óperan Carmen var frumsýnd. Leikritið þótti takast illa og fór af fjölnum eftir fáeinar sýningar. Bizet brá þá á það ráð að safna bestu þáttunum saman í syrpu sem náði miklum vinsældum, svo að nafn tónskáldsins var á hvers manns vörum í Parísarborg.





DEBUSSY OG PROKOFÍEV



Claude Debussy Forleikur að Síðdegi skógarpúkans

Jennifer Higdon Fiðlukonsert

Sergej Prokofiev Sinfónía nr. 5

Roderick Cox
hljómveitarstjóri

Benjamin Beilman
einleikari

Á þessum tónleikum hljóma tvö lykilverk 20. aldar en einnig nýleg verðlaunatónsmíð sem farið hefur sigurför um heiminn. Sergej Prokofiev samdi fimmtu sinfóníu sína á aðeins einum mánuði sumarið 1944, þegar síðari heimsstyrjöldin geisaði. Þetta er kraftmikil og glæsileg tónsmíð og hefur lengi verið meðal hans vinsælustu verka. Af allt öðrum toga er ljóðrænn einþáttungur Debussys, Síðdegi skógarpúkans. Þetta er tímamótaverk í sögu tónlistarinnar og litrík tónlistin er innblásin af ljóði um drauma og langanir skógarpúka í síðdegissvækju.

Hin bandaríska Jennifer Higdon er meðal fremstu tónskálda Bandaríkjanna. Hún hlaut hin virtu Pulitzer-verðlaun árið 2010 fyrir fiðlukonsert sinn, sem hún samdi fyrir Hilary Hahn. Í rökstuðningi sagði dómnefnd Pulitzer-verðlaunanna að þetta væri „sérlega heillandi verk sem hefur að geyma bæði tæra ljóðrænu og glæsileg tæknilífrif“. Gagnrýnandi tímaritsins Gramophone var á sama

máli, sagði konsertinn „hrífandi og litríkan“. Þetta glæsilega verk hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn.

Í hlutverkum einleikara og stjórnanda eru tveir ungir Bandaríkjamenn sem eiga sannarlega framtíðina fyrir sér. Benjamin Beilman er fyrrum nemandi þýska fiðlusnillingins Christians Tetzlaff og ferðast nú heimshorna á milli með hljóðfæri sitt, Stradivarius-fiðlu frá árinu 1709. Hann hlaut nýverið frábæra dóma fyrir fyrsta geisladisk sinn; gagnrýnendur New York Times og The Strad lofsungu bæði þróttmikla spilamennsku hans og tilfinningu fyrir hinu ljóðræna.

Roderick Cox hefur undanfarin ár gegnt starfi aðstoðarstjórnanda hjá Minnesota-hljómveitinni, þar sem Osmo Vänskä er við stjórnvölinn. Hann hefur vakið mikla eftirtekt fyrir kraftmikinn og nákvæman stjórnunarstíl og hlaut nýverið hin virtu Solti-verðlaun sem veitt eru ungum hljómveitarstjórum.

Einn glæsilegasti fiðlukonsert síðari ára ásamt tveimur meistaraverkum 20. aldar.



10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR UNGSVEITAR SÍ

ÓÐURINN TIL GLEÐINNAR



Ludwig van Beethoven Sinfónía nr. 9



Níunda sinfónía Beethovens hljómar á glæsilegum afmælistónleikum Ungsveitarinnar, flutt af úrvalslíði ungra einsöngvara ásamt risakór.

Ungsveit Sí

Daniel Raiskin
hljómsveitarstjóri

Bryndís Guðjónsdóttir einsöngvari
Agnes Thorsteins einsöngvari
Alexander Jarl Þorsteinsson
einsöngvari
Jóhann Kristinsson einsöngvari

Flensborgarkórinn
Graduale Nobili
Kór Flensborgarskóla
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð
Kór tónlistardeildar LHÍ
Söngsveitin Fílharmónía

Helgi Rafn Ingvarsson, Hrafnhildur Blomsterberg, Hreiðar Ingi Þorsteinsson, Magnús Ragnarsson, Sigurður Halldórsson og Þorvaldur Örn Davíðsson
kórstjórar

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 og hefur síðan verið meðal máttarstólpa hljómsveitarstarfs fyrir ungt tónlistarfólk hér á landi. Á hverju ári hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitarinnar og náð undraverðum árangri. Ungsveit Sí var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlauninum 2017.

Í tilefni af tíu ára afmæli Ungsveitarinnar verður efnt til glæsilegra hátíðartónleika þar sem Níunda sinfónía Beethovens verður flutt með úrvalslíði ungra einsöngvara og æskukóra. Verkið markaði tímamót, þetta var síðasta sinfónía meistarans og um leið sú fyrsta í tónlistarsögunni þar sem notast var við söngvara. Áhrif hennar á þróun sinfóníunnar á 19.

öld verða seint ofmetin. Það verður mikilfengleg sjón að sjá yfir 200 íslensk ungmenni taka höndum saman um að flytja þetta magnaða verk og ekki síst lokabáttinn, sjálfan Óðinn til gleðinnar.

Rússneski hljómsveitarstjórinn Daniel Raiskin heldur um taumana en hann hefur mikla reynslu við að starfa með ungmennum að metnaðarfullum verkefnum. Raiskin hefur tvívegis áður stjórnað Ungsveit Sí og auk þess stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með afbrigðis árangri.

Spennnt fyrir nýju starfsári



Sigrún Eðvaldsdóttir og Nicola Lolli eru konsertmeistarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sigrún hefur gegnt stöðunni frá árinu 1998 og Nicola frá árinu 2014. Þau ræða um starfsárið framundan, samstarfið og mikilvægi þess að vera heiðarlegur í samskiptum.

Hollar tónleikaferðir

„Ég er alltaf spennnt fyrir nýju starfsári, það er nóg af fallegrri tónlist til að spila, fullt af spennandi tónleikum og áhugaverð þemu,“ segir Sigrún. Nicola tekur undir og segist líka spennntur fyrir tónleikaferðum starfsársins. „Það er aldrei nóg af tónleikaferðum,“ segir Nicola og þau hlæja bæði. „Án grins,“ segir Sigrún „þá eru þær svo hollar fyrir hljómsveitina, á þeim kemur hljómsveitin einhvern veginn saman sem ein heild. Það er erfitt að útskýra hvað gerist en það tengist samspilinu.“ Nicola kinkar kolli og segir að hljómsveitin hafi lært mikið af tónleikaferðinni til Japans á síðasta ári. „Það var mjög lærdómsríkt að spila í öllum þessum mismunandi sölum og að þurfa að aðlagast nýjum hljómburði á hverjum stað og bera hann saman við hljóminn í Eldborg. Hraðinn í uppsetningum og undirbúningi var góður skóli fyrir hljómsveitina og svo auðvitað að verja meiri tíma með kollegum á okunnum stöðum. Við þekkjum hvort annað betur en við gerðum fyrir ferðina.“

Heiðarleiki mikilvægur

„Samstarf okkar hefur gengið mjög vel,“ segir Sigrún. „Við erum mjög heiðarleg hvort við annað og við reynum að styðja hvort annað. En það sem ég kann best að meta er þessi heiðarleiki á milli okkar, þannig að ef okkur greinir á þá getum við gert út um það þannig að við séum bæði sátt við útkomuna.“ Sigrún heldur áfram og segir: „Við erum ólík en mér finnst það bara fínt, hafandi sagt það þá er það svolítið merkilegt að við erum eiginlega alltaf sammála um allt, næstum alltaf!“ Nicola samsinnir því og brosir. Bæði hafa þau Sigrún og Nicola leitt hljómsveitir annars staðar en á Íslandi, Sigrún í Danmörku og víðar og Nicola á Spáni og á Ítalíu. „Mér finnst það mikilvæg reynsla, þú getur gert samanburð á þinni eigin hljómsveit og þeirri sem þú leiðir í það skiptið, gerst svona njónsari og fylgst með því hvernig aðrir gera hlutina,“ segir

Sigrún, Nicola segist einnig viss um það að þetta sé mikilvægt fyrir konsertmeistara því að alltaf megi læra eitthvað nýtt og taka með heim, „ekki bara fyrir okkur heldur fyrir alla hljóðfæraleikara er nauðsynlegt að leika í mismunandi hópum og hljómsveitum.“

Sækir innblástur í náttúruna

Nicola, sem er fæddur og uppalinn á Ítalíu, var ráðinn konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir fimm árum en hann segist alltaf hafa haft brennandi áhuga fyrir norðrinu og fjarlægum löndum. „Því stökk ég á það tækifæri að koma og prufuspila fyrir þessa stöðu.“ Hann heldur áfram og segir „Ég reyni að nota frítíma minn til útivistar, ég sækir innblástur og orku í náttúruna sem hér er ófyrirsjáanleg og spennandi og jafnvel þegar veður er það slæmt að ekki er ráðlegt að ganga á fjöll þá finn ég betur fyrir frumkröftum náttúrunnar hér en annars staðar. Maður þarf ekki að fara langt frá Reykjavík til að finna fallega náttúru og það er einstakt.“

Spennandi Wagner framundan

Sinfóníuhljómsveitin mun á þessu starfsári flytja Valkyrjuna eftir Richard Wagner í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Íslensku óperuna. „Ég er rosalega spennnt fyrir því verkefni,“ segir Sigrún. „Ég þekki hljómsveitarstjórnann, Alexander Vedernikov, og var svo heppin að fá að spila undir hans stjórn bæði í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum. Hann er algjör snillingur og ég efast ekki um að þetta verði stórkostlegt.“ Nicola segist líka hlakka mikið til þessa verkefnis. „Ég elska Wagner en það er erfitt að spila tónlistina hans, ekki síst þar sem óperurnar eru svo langar. Ég spilaði í nokkrum óperum hans í Vínarborg fyrir allmörgum árum og ég man að ég var svolítið skelkaður fyrst en svo varð þetta allt í lagi. En það er mikilvægt að vera í góðu líkamlegu formi til að spila þessa tónlist.“

SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ



Ludwig van Beethoven Egmont, forleikur

Joseph Haydn Sellókonsert í D-dúr

Dmítríj Shostakovitsj Sinfónía nr. 5

Karina Canellakis

hljómssveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir

einleikari

Einn fremsti sellisti Íslands og hin magnaða fimmta sinfónía Shostakovitsj.



Dramatísk örlög og frelsisþrá eru leiðarstef í kraftmiklum verkum Beethovens og Shostakovitsj sem hljóma á þessum tónleikum. Beethoven samdi forleik sinn við leikritið Egmont eftir Goethe, sem segir frá frelsishetju á Niðurlöndum á 16. öld. Egmont leiðir uppreisn gegn spænska einveldinu en mistekst og er dæmdur til dauða. Shostakovitsj samdi fimmtu sinfóníu sína um það leyti sem ofsóknir Stalíns stóðu sem hæst, og verkið varð til þess að bjarga ferli tónskáldsins á viðkvæmum tíma.

Sellókonsert Haydns er gleðin og léttvæðin uppmáluð. Á tónleikunum verður frumflutt ný einleikskadensa sem Anna Þorvaldsdóttir, staðartónskáld Sinfóníuhljómssveitarinnar og sjálf

menntaður sellóleikari, hefur samið við konsertinn sérstaklega af þessu tilefni.

Sæunn Þorsteinsdóttir er einn fremsti sellisti Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir tilfinningaþrunginn leik sinn. Hún kom fram með Fílharmóníusveitinni í Los Angeles á rómaðri Íslandshátíð þeirra og var nýverið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Karina Canellakis er aðalstjórnandi Hollensku útvarpshljómssveitarinnar og hefur vakið mikla hrifningu fyrir innblásna hljómssveitarstjórn, meðal annars á Nóbelsónleikunum í Stokkhólmum í desember síðastliðnum. Hún hlaut Solti-verðlaunin árið 2016 og ári síðar stóð hún í fyrsta sinn á sviðinu í Eldborg með Sinfóníuhljómssveit Íslands, við mikla hrifningu áheyrenda.

LITLI TÓNSPROTINN

TÍMAFLAKK Í TÓNHEIMUM

Tónlist eftir **Monteverdi, Lully, Bach, Jón Leifs, Haydn, Mozart, Beethoven, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Mélanie Bonis, Thea Musgrave og Láru Rún Eggertsdóttur**



Michelle Merrill
hljómsveitarstjóri

Puríður Blær Jóhannsdóttir
og **Guðmundur Felixson**
kynnar

Tónleikagestum er boðið í tímaflakk um tónheima þar sem Sinfóníu-hljómsveitin staldrar við merk kennileiti á tímaási tónlistarsögunnar.

Á fyrstu tónleikum Litla tónsprotans er tónleikagestum boðið í tímaflakk um tónheima þar sem Sinfóníuhljómsveitin staldrar við merk kennileiti á tímaási tónlistarsögunnar. Leiðsögumenn í þessum magnaða leiðangri um undraveröld tónlistarinnar eru Puríður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson. Þau leiða hlustendur á öllum aldri á lifandi hátt um lendur og dali, klífa hæstu tinda og kanna dulúðugar sögusagnir um vatnaskrímsli og goðsagnir á þurru landi.

Á meðal þess sem hlustendur kynnast eru líflegir dansar, tónlist úr Tófralautunni, Óðurinn til gleðinnar

og Lofsöngurinn ásamt skrímslatónlist frá Skotlandi þar sem Nimrod Ron túbuleikari er í aðalhlutverki ásamt nemendum frá Héraði sem myndskreyttu verkið. Auk þess heyrst fjörmikil tónlist úr Indiana Jones og glænýtt verk eftir verðlaunahafa Upptaktsins.

Bandaríski hljómsveitarstjórinn Michelle Merrill mundar tónsprotann en hún er þekkt fyrir störf sín með ungum hlustendum og hefur stýrt fjölmörgum menntaverkefnum og tónleikum Detroit-sinfóníuhljómsveitarinnar auk annarra hljómsveita í Norður-Ameríku.

BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ



Johannes Brahms Píanókonsert nr. 2

Pjotr Tsajkovskíj Sinfónía nr. 6, „Pathétique“



Han-Na Chang
hljómsveitarstjóri

Stephen Hough
einleikari

Píanósnillingurinn Stephen Hough og tvö stórbrotin meistaraverk tónlistarinnar frá síðari hluta 19. aldar.

Á þessum tónleikum hljóma tónlistarinnar frá síðari hluta 19. aldar. Píanókonsert nr. 2 eftir Brahms er eitt hans stærsta og kröfuharðasta verk. Konsertinn er þó ekki síst þekktur fyrir yndisfagran hæga kaflann, þar sem einleiksselló og píanó leika saman ljóðrænan dúett.

Sjötta sinfónían var síðasta verk Tsajkovskíjs, sem andaðist níu dögum eftir frumflutninginn. Margir líta svo á að sinfónían sé eins konar hinsta kveðja og að með henni hafi tónsmiðurinn fengið útrás fyrir þær sálarkvalir sem hann leið síðustu mánuðina sem hann lifði. Meðan á æfingum stóð á hann að hafa sagt: „Þetta er án efa besta – og sannarlega einlægasta – tónsmíð mín, og mér þykir vænna um hana en nokkurt annað verk sem ég hef skapað.“

Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann hlaut hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun fyrstur klassískra tónlistarmanna, hefur hljóðritað yfir 50 geisladiska og hlotið átta Gramophone-verðlaun auk fjölmargra tilnefninga til Grammy-verðlauna. Hann leikur nú á Íslandi í þriðja sinn, en eftir fyrstu tónleika hans hér sagði gagnrýnandi Morgunblaðsins að hann væri „einstakur píanóleikari með magnaðan áslátt, gríðarlega öflugan en líka unaðslega mjúkan“.

Hin suður-kóreska Han-Na Chang hóf feril sinn sem sellóleikari, var nemandi Rostropovitsj og lék einleik með mörgum helstu hljómsveitum heims. Hún hefur á síðustu árum snúið sér að hljómsveitarstjórn með frábærum árangri og hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þrándheimi frá árinu 2017.

FÖSTUDAGUR 18. OKTÓBER 12:00

HÁDEGISTÓNLEIKAR

BAROKK Í NORÐURLJÓSUM



Arcangelo Corelli og Georg Friederich Händel Concerti grossi fyrir strengjasveit

Strengjasveit
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Matthew Truscott
konsertmeistari

Aðgangur er ókeypis
og allir velkomnir á
þessa hádegistónleika
í Norðurljósum.

Barokktónlist hefur hátíðlegan blæ og þótt hún sé ekki meðal hinna daglegu verkefna stórra sinfóníuhljómsveita er ávallt gleðiefni þegar hún fær sitt rými á efnisskránni. Á þessum hádegistónleikum leikur strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands þætti úr konsertum eftir þá Corelli og Vivaldi undir stjórn enska fiðluleikarans Matthews Truscott, sem hefur getið sér gott orð sem konsertmeistari upprunasveitarinnar Orchestra of the Age of Enlightenment.

Arcangelo Corelli var meðal helstu meistara hljóðfæratónlistar á 17. öld, og konsertar hans fyrir strengjasveit eru meðal elstu hljómsveitarverka sem enn hljóma á tónleikum nú á dögum. Georg Friederich Händel var kynslóðinni yngri og er ekki síst frægur fyrir óperur sínar og óratoríur, en hann samdi einnig glæsilega konserta þar sem hann er einmitt undir áhrifum ítalskra meistara. Þessum tveimur snillingum var vel til vina. Corelli var frægasti tónlistarmaður Rómaborgar þegar Händel kom til borgarinnar ungur að árum, og Corelli leiddi hljómsveitina í sumum verkum þýska meistarans.



BACH, HÄNDEL OG HAYDN



Johann Sebastian Bach Hljómsveitarsvíta nr. 1

Georg Muffat Passacaglia úr sönötu nr. 5

Georg Friederich Händel Concerto grosso op. 3 nr. 2

Maria Antonia Walpurgis Talestri, forleikur

Anna Amalia af Braunschweig-Wolfenbüttel Erwin und Elmire, millispil

Joseph Haydn Sinfónía nr. 102

Matthew Halls
hljómsveitarstjóri

Matthew Truscott
einleikari og konsertmeistari

Fjölbreytt efnisskrá með glæsilegri tónlist frá 18. öld eftir heimsfræg tónskáld og önnur sem legið hafa í gleymsku.

Glæsileg tónlist frá 18. öld er í forgrunni á þessum tónleikum þar sem hljómar tónlist eftir meistarana Bach, Händel og Haydn, en auk þess verður fluttur einn fegursti kafli barokktónlistar, Passacaglia eftir franska tónskáldið Georg Muffat. Sinfónía Haydns nr. 102 er ein þeirra sem hann samdi fyrir tónleikahald í Lundúnum á sínum efri árum og er hún almennt talin í hópi bestu verka hans í þessari grein.

Konur fengu sjaldan tækifæri til stórra afreka sem tónskáld á 18. öld en hér hljóma sjaldheyrðir þættir úr óperum eftir tvær aðalskonur. María Antonía, prinsessa af Bæjaralandi, var bæði

semballeikari og tónskáld og samdi tvær óperur. Hertogaynjan Anna Amalia ríkti í Weimar og gerði bæinn að iðandi miðstöð lista og menningar. Eina ópera hennar, Erwin und Elmire, er einmitt við texta eftir sjálfan Goethe sem var persónulegur vinur hennar.

Breski hljómsveitarstjórinn Matthew Halls er sérfræðingur í flutningi gamallar tónlistar. Hann hefur meðal annars stýrt glæsilegum flutningi á verkum eftir Bach, Händel og Mozart með Sinfóníuhljómsveit Íslands á undanföllum árum. Hann stjórnar einnig fremstu hljómsveitum heims og fékk fyrir skemmstu frábæra dóma fyrir flutning sinn á Messíasi ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago.

Matthew Truscott, sem kemur fram sem einleikari og konsertmeistari á tónleikunum, er óvenju fjölhæfur fiðluleikari. Hann er konsertmeistari bæði í Mahler-kammersveitinni, þar sem leikið er á nútímahljóðfæri, og í Hljómsveit upplýsingaraldarinnar sem notar hljóðfæri og leikmáta barokksins, auk þess sem hann er prófessor í fiðluleik við Royal Academy of Music í Lundúnum.



HÁDEGISTÓNLEIKAR

HITAÐ UPP FYRIR ÞÝSKALAND



Anna Þorvaldsdóttir Aeriality

Pjotr Tsjajkovskij Sinfónía nr. 4



Daníel Bjarnason
hljómveitarstjóri

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir
á þessa hádegistónleika í Eldborg.

Á tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Þýskalands og Austurríkis í nóvember 2019 verða leiknar ólíkar efnisskrár í hinum ýmsu borgum. Tónleikasalirnir eru með þeim fremstu í viðkomandi löndum: í Großes Festspielhaus í Salzburg, Konzerthaus í Berlín og Herkulessaal í München. Á þessum hádegistónleikum verða flutt verk sem hljóma í sumum þessara borga, en önnur verk á efnisskránni verða flutt viku síðar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á rauðum áskriftartónleikum.

Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur er á góðri leið með að verða eitt mest flutta íslenska hljómveitarverk síðari áratuga. Það hefur meðal annars hljómað í Elbfilharmóníunni í Hamburg, Royal Festival Hall í Lundúnum og Symphony Hall í Boston; gagnrýnendur erlendra blaða kalla það „meistaraverk“ og það er meðal efnis á portrettdiski Önnu sem Deutsche Grammophon gaf út.

Fjórða sinfónía Tsjajkovskíjs er eitt af hinum glæsilegu hljómveitarverkum rússneska meistarans, spennuþrungin verk þar sem örlög listamannsins eru í forgrunni. Tsjajkovskij samdi sinfóníuna á hátindi ferils síns, um sama leyti og óperuna Evgení Onégín, og er því ekki að furða að hún sé meðal mest fluttu verka hans um allan heim.

Daníel Bjarnason stjórnar tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitarinnar til Þýskalands og Austurríkis. Hann hefur hlotið mikla athygli undanfarin ár bæði fyrir tónlist sína og hljómveitarstjórn, og hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin í janúar 2019. Daníel tók við stöðu aðalgestastjórnanda hljómveitarinnar í upphafi starfsársins.

Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS

VÍKINGUR OG DANÍEL



Edvard Grieg Pétur Gautur, valdir þættir

Daníel Bjarnason Processions, píanókoncert

W.A. Mozart Hornkoncert nr. 3

Jean Sibelius Sinfónía nr. 5

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Radovan Vlatković
einleikari

Í nóvember 2019 heldur Sinfóníuhljómsveitin í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis. Í Konzerthaus í Berlín verða haldnir tónleikar með Víkingi Heiðari Ólafssyni, sem er staðarlistamaður tónleikahússins starfsárið 2019/20, en í Salzburg verða haldnir þrennir tónleikar, meðal annars með króatíska hornsningnum Radovan Vlatković, auk þess sem haldnir verða tónleikar í München. Í aðdraganda tónleikaferðarinnar verða helstu verkin flutt á tónleikum í Eldborg.

Það var stórvíðburður í íslensku tónlistarlífi þegar Víkingur Heiðar Ólafsson frumflutti nýjan píanókoncert Daníels Bjarnasonar, Processions, á Myrkum músíkdögum 2009. „Tónleikagestir svifu út með nýja trú á framtíðina“ skrifar Guðrún Nordal um tónleikana í nýlegri bók. Í kjölfarið hefur konsertinn hljómað víða um heim og hlotið frábæra dóma heimspresunnar.

Víkingur Heiðar er fyrir löngu kominn í fremstu sveit íslenskra tónlistarmanna á heimsvísu. Nýjasta plata hans, með verkum eftir Bach, hefur hlotið frábæra dóma, hlaut til dæmis BBC Music Magazine verðlaunin sem plata ársins auk þess sem hún var valin ein af útgáfum mánaðarins í hinu virta tímariti Gramophone og plata vikunnar í The Sunday Times. Undanfarin misseri hefur hann leikið með fremstu hljómsveitum í Evrópu og Bandaríkjunum, meðal annars í Helsinki, Stokkhólmi og Los Angeles, auk þess að halda einleikstónleika í Lundúnum og í Lincoln Center í New York.

Fimmta sinfónía Sibeliusar er glæsilegt verk og er af mörgum talin hans mesta afrek í sinfónísku formi. Sjálfur taldi hann sig sjaldan hafa gert betur, og í bréfi til trúnaðarvinnar síns ritaði hann: „Guð lýkur upp dyrum sínum um stundarsakir og ég heyri hljómsveit hans leika fimmtu sinfóníuna.“

Í aðdraganda tónleikaferðar Sinfóníuhljómsveitarinnar til Þýskalands verða helstu verkin flutt á tónleikum í Eldborg.



12.–17. NÓVEMBER

TÓNLEIKAFERÐ TIL ÞÝSKALANDS OG AUSTURRÍKIS

Edvard Grieg Pétur Gautur, valdir þættir

Anna Þorvaldsdóttir Aeriality

Daníel Bjarnason Processions, píanókonsert

W.A. Mozart Hornkonsert nr. 3

Jean Sibelius Sinfónía nr. 5

Pjotr Tsjajkovskij Sinfónía nr. 4

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Radovan Vlatković
einleikari

Í nóvember 2019 heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis. Haldnir verða fimm tónleikar undir stjórn Daníels Bjarnasonar, og einleikarar verða Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari og Radovan Vlatković hornleikari. Farið verður með tvær efnisskrár í farteskinu, en á þeim eru meðal annars tvö nýleg íslensk verk, eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Daníel Bjarnason.

12. NÓVEMBER 2019

Herkulesaal, München

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

13. NÓVEMBER 2019

Großes Festspielhaus, Salzburg

Radovan Vlatković
einleikari

14. NÓVEMBER 2019

Großes Festspielhaus, Salzburg

Radovan Vlatković
einleikari

15. NÓVEMBER 2019

Großes Festspielhaus, Salzburg

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

17. NÓVEMBER 2019

Konzerthaus, Berlín

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari



Spennandi verkefni staðarlistamanns í Berlín



Víkingur Heiðar Ólafsson leikur einleik í tónleikaferð með hljómsveitinni til Þýskalands og Austurríkis í nóvember, en meðal verka á efnisskránni er píanókoncert Daniéls Bjarnasonar, Processions, frá árinu 2009. Síðasta ár var afar annasamt hjá Víkingi og uppskar hann mikið lof fyrir tónleikahald sem og annan hljóm disk sinn undir merkjum Deutsche Grammophon, sem inniheldur stór og smá verk eftir Johann Sebastian Bach.

Frelsi í klassískum frumskógi

„Þetta ár er mjög spennandi fyrir mig, fullt af ólíkum verkefnum með frábærum tónlistarmönnum og hljómsveitum,“ segir Víkingur. „Undanfarin misseri hafa verið ótrúlega skemmtileg, verkefni hafa verið krefjandi en um leið langþráð upplifun að fá að spila í tónleikasölum sem ég gat aðeins látið mig dreyma um fyrir ekki svo löngu síðan. Það sem mér finnst allra dýrmætast er að finna að ég get valið mér verkefni út frá listrænum forsendum. Það tekur ótrúlega langan tíma að ná alvöru stjórn á lífi sínu í þessum frumskógi sem klassíski tónlistarheimurinn er.“

Staðarlistamaður Konzerthaus

Þær fregnir bárust á dögunum að Víkingur hefði verið valinn staðarlistamaður í hinu virta tónleikahúsi Konzerthaus í Berlín. „Þetta verður svona eins og tónlistarheimilið mitt næsta starfsár. Konzerthaus er einstakt hús, ofboðslega fallegt og um það leikur rómantískur blær 19. aldar,“ segir Víkingur aðspurður hvað þessi staða þýði fyrir hann. „Ég verð í forgrunni með mörg ólík verkefni í húsinu, þar af fjóra píanókoncerta, tvenna einleikstónleika og þrenna kammertónleika með frábærum listamönnum. Svona staða gerir manni kleift að sýna á sér margar hliðar og þannig reyni ég að nýta hana. Fólk fær ekki bara að kynnast mér sem Bach-flytjanda heldur einnig sem flytjanda splunkunýrrar tónlistar, til dæmis í píanókoncerti Thomasar Adés og í kvintett eftir Bent Sørensen. Ég mun líka spila Mozart-konsert og stjórna frá flyglinum, held útgefutónleika fyrir næstu einleiksplötu í janúar 2020 og margt fleira. Þetta er líka skemmtilegt þar sem Berlín er mín önnur

heimaborg og er í dag að mínu mati tónlistarhöfuðborg Evrópu. Staðarlistamenn í Konzerthaus síðustu ár hafa til dæmis verið Arcadi Volodos og Andrés Schiff og það er mikill heiður að fá að stíga inn í þetta samhengi og prófa sig áfram.“

Píanókoncertinn Processions

„Píanókoncertinn var frumfluttur árið 2009 og þetta voru fyrstu tónleikar okkar Daniéls saman, sem einleikari og stjórnandi, og þetta var náttúrulega hans stóra debut. Hann var þá að stýra hljómsveitinni í fyrsta sinn og það var allt undir hjá honum. Á sama tíma var allt bilað í þjóðfélaginu, þetta var í miðri búsaðhaldabyllingunni og það var mikil þörf fyrir eitthvað annað en fréttir af föllnum bönkum og útrásarvíkingum. Við vorum innrásarvíkingarnir á þessum tónleikum, með svona tónlistarlega innrás. Við spiludum verkið tvisvar eða þrisvar eftir þetta en svo hefur það legið í dvala í nokkur ár. Nú er það aftur komið í umferð og það er mikil eftirspurn eftir því. Ég hef leikið það með Sænsku útvarpshljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Toronto, MDR-útvarpshljómsveitinni í Leipzig og víðar. Það er mjög skemmtilegt því oft hefur maður áhyggjur af því með nýja músik, jafnvel þótt hún sé frábær, að hún lendi ofan í skúffu eftir frumflutning. Þannig er mjög gaman að finna að þetta verk eigi svona gott líf á 10 ára afmæli sínu.“ Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveitin í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis, meðal annars með píanókoncertinn í farteskinu. „Þetta er fyrsti túrinn minn með hljómsveitinni,“ segir Víkingur, „og það er tilhlökkunarefni. Þetta eru skemmtilegar menningarborgir sem við heimsækjum, Salzburg, München og Berlín, og ég er í engum vafa að þetta verði eftirminnileg og góð ferð,“ segir hann að lokum.

DIMITRI ÞÓR OG SIBELIUS



Joseph Bologne Sinfónía í D-dúr

Jean Françaix Klarínettkonsert

Jean Sibelius Lemminkäinen-svíta

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Dimitri Þór Ashkenazy
einleikari

Frábær klarínettuleikur og eitt af meistaraverkum Sibeliusar.

Ég hef sjaldan heyrt eins vel spilað á klarínettu," sagði gagnrýnandi Morgunblaðsins um tónleika Dimitris Ashkenazy á Íslandi fyrir rúmum áratug. Nú snýr hann aftur til Íslands og leikur sjaldheyrðan konsert eftir franska tónskáldið Jean Françaix, sem kunnur er fyrir leikandi léttu og skemmtilega tónlist. Dimitri ólst upp á Íslandi til níu ára aldurs og hefur leikið með sinfóníuhljómsveitum og í heimsfrægum tónleikasölum víða um heim, meðal annars á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall.

Joseph Bologne átti einhverja ævintýrlegustu ævi sem sögur fara af í klassískri tónlist. Hann var fæddur á eyjunni Guadeloupe í Karibahafi, sonur landeiganda og konu sem var þræll eiginkonu hans. Faðirinn tók hann með sér til Parísar þar sem Joseph hlaut fyrirtaks menntun og varð vinsælt tónskáld og hljómsveitarstjóri; Marie

Antoinette var meðal þeirra sem dáðust að tónlist hans. Í dag er hans minnst sem fyrsta klassíska tónskáldsins af afrískum uppruna. Tónlist hans er leikandi létt, í ætt við Haydn og Mozart, og upptaktur að tónleikunum er fjörug sinfónía frá árinu 1780.

Lemminkäinen-svítan er lykilverk á ferli Sibeliusar, glæsilegt hljómsveitarverk sem raunar átti upphaflega að verða ópera. Efniviðinn sækir tónskáldið í kvæðabálkinn Kalevala eins og hann átti vanda til. Hinn ungi Lemminkäinen er ein af hetjum bálsins. Léttlyndur og andvaralaus lendir hann stöðugt í vandræðum en losnar úr þeim aftur vegna galdrakunnáttu sinnar og móður sinnar. Meðal þátta svítunnar er tónaljóðið Svanurinn frá Tuonela, sem margir telja meðal þess fegursta sem Sibelius samdi.

Stjórnandinn, Eva Ollikainen, hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum og er meðal annars fastagestur hjá hljómsveitum í Finnlandi og Danmörku. Hún kemur nú til Íslands í fimmta sinn og addáendur hennar hér vita að búast má við góðum tónleikum þegar hún stendur í brúnni.



ADVENTUTÓNLEIKAR

MEISTARAR BAROKKSINS



Jean-Philippe Rameau Forleikur og Chaconne úr Les Indes galantes

Jean-Baptiste Lully Les Bourgeois gentilhomme, svíta

Georg Philipp Telemann Alster-svíta

Johann Sebastian Bach Hljómsveitarsvíta nr. 4



Maxim Emelyanychev
hljómsveitarstjóri

Rússneski hljómsveitarstjórinn Maxim Emelyanychev hefur vakið mikla athygli undanfarin ár, ekki síst fyrir áhugaverða túlkun sína á tónlist barokksins. Hann lærði sitt fag í Moskvu hjá Íslandsvininum Gennadij Rosdestvenskíj en er einnig afburða samballeikari og margverðlaunaður sem slíkur. Hann hefur um árabíl verið aðalstjórnandi ítalska barokkhópsins Il Pomo d'Oro, sem meðal annars hefur flutt barokkóperu í Versöllum, Vínarborg og Lundúnum, en meðal nýjustu verkefna hans er geisladiskur með bandarísku söngstjörnunni Joyce DiDonato. Nýverið var tilkynnt að hann muni taka við stjórn Skosku kammersveitarinnar á næsta ári.

Á efnisskránni eru perlur eftir meistara barokktónlistar frá 17. og 18. öld. Jean-Baptiste Lully var hirðtónskáld

Á efnisskránni eru perlur eftir meistara barokktónlistar frá 17. og 18. öld.

Loðvíks XIV og átti stóran þátt í að skapa hina tignarlegu frönsku barokkóperu. Samstarf hans við leikskáldið Molière gat meðal annars af sér gamanballettinn Le Bourgeois gentilhomme árið 1670, og hér hljómar úrval úr þáttum hans. Einnig hljóma tveir þættir úr ballettinum Les Indes galantes, eftir arftaka Lullys á sviði franskar óperu, Jean-Philippe Rameau.

Á síðari hluta tónleikanna hljóma verk eftir tvo Þjóðverja. Hljómsveitarsvítur Bachs eru dáðar um víða veröld. Georg Philipp Telemann var að mestu sjálf lærður í tónlist en varð eitt dáðasta tónskáld Þýskalands á 18. öld og enn er hann meðal afkastamestu tónskálda sögunnar. Hann samdi Alster-svítuna árið 1725, þá nýfluttur til Hamborgar þar sem hann var tónlistarstjóri um áratuga skeið. Létt og gamansöm tónlistin lýsir lífinu við bakka árinna Alster sem rennur í gegnum Hamborg.

LAUGARDAGUR **14. DESEMBER** 14:00 & 16:00

SUNNUDAGUR **15. DESEMBER** 14:00 & 16:00

LITLI TÓNSPROTINN

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Leroy Anderson Jólaforleikur

Katherine K. Davis Litli trommuleikarinn

Jórunn Viðar Það á að gefa börnum brauð

Émile Waldteufel Skautavalsinn

Fjölbreytt og sígild jólalög

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara
kynnir

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað,
Unnsteinn Manuel Stefánsson
og **Kolbrún Völkudóttir**
einsöngvarar

Stúlknakór Reykjavíkur

Litlu sprotarnir
táknmálakór

Bjöllukór Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar

Dansarar úr Listdanskóla
Íslands

Hörpuhópur

Blokkflautusveit Tónlistarskóla
Árnesinga

Ungir trommuleikarar



Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar.

Á Jólatónleikum hljómsveitarinnar í ár hljómar tónlist frá ýmsum löndum sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Glæsilegt blokkflautukonsort skipað hljóðfæraleikurum úr Tónlistarskóla Árnesinga ásamt slagverksleikurum og hörpuhópur eru meðal þeirra samspilshópa sem koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni í fyrsta sinn í ár.

Einsöngvararnir Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, Unnsteinn Manuel og Kolbrún Völkudóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur, Litlu sprotunum og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja sígildar jólaþerlur og -söngva. Dansarar úr Listdanskóla Íslands svífa um Eldborg í Skautavalsinum og ungir slagverksleikarar flytja jólaþerluna Litla trommuleikarann.

Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.



Bryndis Þórunn
fagott

Halldóra Geirharðsdóttir leikkona

Fegurðin er útgangspunktur trúðsins



Leikkonan Halldóra Geirharðsdóttir hefur í rúman áratug verið vinsæll kynnir á fjölskyldu- og skólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þar hefur hún tekið að sér ýmis hlutverk. Hún hefur verið sögu- maður í Tobba túbu, Pétri og úlfinum og Töfraflautu Mozarts, svo fátt eitt sé nefnt. Hún nýtur þó ekki síst vinsælda fyrir hlutverk sitt sem trúðurinn Barbara, sem vekur mikla kátínu tónleikagesta á öllum aldri.

Leiðarinn Barbara

Aðspurð segir Halldóra að trúðurinn Barbara hafi fæðst í Nemendaleikhúsinu á sínum tíma. Við fengum leikstjóra frá París, Mario Gonzalez, sem kenndi okkur trúðatækni sem hann hafði sjálfur þróað upp úr ítalska götuleikhúsinu, og byggir á sterku sambandi við áhorfendur og spuna. Mér fannst þá í fyrsta sinn að ég ætti erindi í leikhúsið. Það var einlægni og sannleikur sem ég fékk aðgang að í gegnum þetta form. Trúðurinn er sannleiksengill, sem leitast við að gera allt eins fallegt og stórkostlegt og hann mögulega getur. Fegurð er útgangspunktur í öllu, maður undirbýr sig þannig og svo kemur rauða nefið og þá gerist eitthvað. Öll mistök eru gjafir frá Guði og því tekur trúðurinn mistökum fagnandi og endurtekur þau jafnvel þrisvar til að undirstrika hvað hann er ánægður og þakklátur fyrir þau. Frelsið fyrir mig var að fara einhvern veginn framhjá hausnum og fara þess í stað beint frá hjartanu út í talfæri og hreyfingar.

Grét á fyrstu tónleikunum

„Hljómsveitin var á sínum tíma að leita að einhverri skemmtilegri figúru, mörgæs eða einhverju slíku, og Helga Hauksdóttir, þáverandi tónleikastjóri spurði hvort ég hefði áhuga á að kynna Litla tónsprotann, fjölskyldutónleika hljómsveitarinnar. Ég sagði henni að ég ætti einn karakter sem hét Barbara og hún gæti mjög vel blómstrað með Sinfóníuhljómsveitinni. Mér finnst eiginlega að við Barbara höfum komist heim sem kynnar á barnatónleikum, því að ég lærði sjálf á hljóðfæri frá sex ára aldri til tvítugs en vissi þó alltaf að framtíð mín fælist ekki í því að verða hljóðfæraleikari. Þó svo að ég spilaði á hljóðfæri og væri músikölsk og meðlimur í hljómsveit þá hafði ég ekki það sem þarf til að gerast atvinnuhljóðfæraleikari. Þegar ég byrjaði sem kynnir hjá hljómsveitinni var eins og ég hefði fundið gamalt ástarsamband, sem var jafnvel orðið enn dýpra og fallegra. Á fyrstu tónleikunum sem ég kynnti stóð ég í sviðsvængnum og grét, mér fannst svo stórkostlegt að fylgjast með hljóðfæraleikunum, hlusta og vera inni í tónlistinni með þeim.“

Trúðurinn er sannleiksengill, sem leitast við að gera allt eins fallegt og stórkostlegt og hann mögulega getur.

Að búa til brú

„Ég lít þannig á að ég sé millistykki milli barnanna og hljómsveitarinnar, þannig að mér finnst ég bæði þurfa að halda börnunum á tánnum og hljómsveitinni líka. Ef ég er með nokkra tónleika í röð reyni ég að skapa þá spennu í kringum mig að hljómsveitin viti ekki alveg upp á hverju ég tek, þannig helst hljómsveitin líka spennt fyrir því sem gerist. Ef þú ert með 1500 börn sem sitja í salnum og horfa á hljómsveit sem hefur áhuga, þá hljóta þau að hafa meiri áhuga. Ég tók líka þá stefnu að vera ekki að þylja upp ártöl, titla eða nöfn eða eitthvað sem barn getur ekki gripið, frekar að koma með eitthvað sem barnið skilur og getur tengt við hljómsveitina og verkið sem flutt er. Markmið mitt er að búa til brú sem færir barnið nær hljómsveitinni og nær tónlistinni helst þannig að börnin fari heim og geti hugsað sér að koma aftur.“

Að finna trúðinn í sjálfum sér

„Trúðurinn fagnar mistökum og gleðst yfir þeim og er þakklátur fyrir þá gjöf að fá að sjá hvað átti ekki að gera. Það væri stórkostlegt ef fleiri hugsuðu þannig, til dæmis inni á Alþingi,“ segir Halldóra og hlær og breytist skyndilega í Barböru og kemur með pólitískar afsakanir. „Ein góð trúðaregla er sú að telja alltaf upp að þremur áður en maður svarar, það er í raun einn andardráttur. Það kemur annað svar en ef

þú hefði svarað spurningunni um leið líkt og að spurningin hafi farið í gegnum allt kerfi líkamans. Annað er að glenna upp augun, með því býr maður til tilfinninguna að maður sé hissa, því fylgir óttablandin eftirvænting og forvitni. Þú opnar hjartað og lest með líkamanum. Hugsaðu þér ef 70 manna hljómsveit lifði þessa trúðareglu og væri alltaf með

þá afstöðu, þá held ég að spegilfrumur gestanna myndu glennast upp og þeir hugsa: „Það er eitthvað stórkostlegt að fara að gerast.“ Það væri náttúrlega geggjað ef hljómsveitin væri öll með rauð nef, kannski ætti ég að taka hljómsveitina á trúðanámskeið?“ segir Halldóra spök að lokum.

FIMMTUDAGUR **9. JANÚAR** 19:30
FÖSTUDAGUR **10. JANÚAR** 19:30
LAUGARDAGUR **11. JANÚAR** 16:00 & 19:30
Tónleikakynning 9. janúar kl. **18:00**

JÓNA OG GARÐAR THOR

VÍNARTÓNLEIKAR



Óperettutónlist og valsar eftir **Johann Strauss yngri, Franz Lehár, Pjotr Tsjajkovskíj, Mélanie Bonis, Amy Beach** og fleiri.

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
einsöngvari

Garðar Thor Cortes
einsöngvari

Í upphafi nýs árs er tilvalið að skála í kampavíni og hlýða á glaðværa Vínartónlist í ætt við þá sem hljómar á árlegum tónleikum Vínarfílharmóníunnar á nýársdag. Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa notið mikilla vinsælda um árabil. Þeir hefjast ávallt á forleik Johanns Strauss að Leðurblökunni og

þeim lýkur á Dónarvalsinum fræga. Inn á milli hljóma vinsælar óperettuáriur og dúettar sem koma öllum í gott skap.

Einnig verður leikin leiftrandi og skemmtileg tónlist eftir tvær konur sem stóðu framarlega meðal tónskálda á síðari hluta 19. aldar en voru svo flestum gleymdar þar til nýlega: Mélanie Bonis og Amy Beach. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ.

Jóna G. Kolbrúnardóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og í Vínarborg, og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína í ævintýraóperunni Hans og Grétu hjá Íslensku óperunni auk þess sem hún söng með Sinfóníunni á hátíðartónleikum í Eldborg í tilefni 100 ára fullveldisafmælis 1. desember 2018. Hún kemur nú í fyrsta sinn fram á Vínartónleikum hljómsveitarinnar.

Garðar Thor Cortes hefur vakið mikla hrifningu fyrir söng sinn bæði hér heima og erlendis. Hann söng síðast á Vínartónleikum Sinfóníunnar árið 2015 en hefur undanfarið dvalið langdvölum erlendis og sungið aðalhlutverk í framhaldi Óperudraugsins eftir Andrew Lloyd Webber bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Bjarni Frímenn Bjarnason hefur vakið verðskuldaða eftirtekt fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og stjórnar nú í fyrsta sinn Vínartónleikum Sinfóníunnar.



Hátíðlegir nýrstónleikar með glaðværrum Vínartónlist eru tilvalinn upptaktur að nýju tónlistarári.



Pórir Jóhannsson
bassi

UNGIR EINLEIKARAR

Sigurvegarnir og dagskrá kynnt síðar

Anna-Maria Helsing
hljómveitarstjóri

**Sigurvegarnir úr
einleikakeppni
Sinfóníuhljómsveitar Íslands og
Listaháskóla Íslands.**



Á þessum tónleikum stíga ungir og efnilegir tónlistarmenn sín fyrstu skref sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Framtíð tónlistar á Íslandi er fólgin í því unga tónlistarfólki sem hér stíga sín fyrstu skref í atvinnumennsku. Ár hvert fer fram keppni ungra einleikara þar sem framúrskarandi nemendur fá að leika konsert eða syngja einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem er dýrmæt reynsla hverjum klassískum tónlistarmanni.

Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir keppninni Ungir einleikarar í samvinnu við Listaháskóla Íslands og er hún opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki á hverju ári í aðdraganda þessara tónleika og stemningin á tónleikunum sjálfum er engu lík.

Stjórnandi tónleikanna er hin finnska Anna-Maria Helsing, sem hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands margsinis áður við góðar undirtektir. Hún var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu árin 2010–13, og varð þar með fyrsta konan til að gegna slíku starfi í Finnlandi.

Einleikakeppni SÍ og LHÍ fer fram á haustmánuðum 2019. Nöfn sigurvegaranna og efnisskrá tónleikanna verða birt á vef hljómveitarinnar þegar úrslit liggja fyrir.

KAMMERTÓNLEIKAR Í FÖSTUDAGSRÖÐINNI

RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA I



Sergej Rakhmanínov Trio élégiaque nr. 1

Sofia Gubaidulina Píanókvintett

Nicola Lolli,
Sigurgeir Agnarsson og
Anna Guðný Guðmundsdóttir
píanótrío

Sigrún Eðvaldsdóttir,
Gregory Aronovich,
Bryndís Halla Gylfadóttir og
Anna Guðný Guðmundsdóttir
píanókvintett

Magnþrungin kammertónlist
eftir tvo rússneska meistarara í
flutningi leiðandi
hljóðfæraleikara úr SÍ.



Á þrennum tónleikum á starfsárinu
verður teft saman verkum tveggja
rússneskra meistarara. Sergej
Rakhmanínov var eitt helsta tónskáld
síðrómantíkur en Sofia Gubaidulina er
eitt virtasta tónskáld samtímans.

Þessi tónleikaröð hefst með kammer-
tónlist fluttri af hljóðfæraleikurum úr
Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fluttar
verða tvær perlur þessa meistarara sem
báðar eru æskutónsmíðar en sýna
glögggt hvílíkar gáfur þau höfðu til
brunns að bera. Rakhmanínov samdi
fyrra píanótrío sitt þegar hann var
aðeins 19 ára gamall en í því heyrst
margt sem minnir á síðari tónsmíðar
hans. Tónlistin er angurvær og dulúðug
en líka full af ástriðu.

Píanókvintett Gubaidulinu er
sannkallað meistaraverk en hljómar
nú á Íslandi í fyrsta sinn. Verkið samdi
hún árið 1957 undir sterkum áhrifum
frá Shostakovitsj og Prokofiev. Þetta er
kraftmikil tónlist og sérlega áheyrileg
enda telja margir að hér sé komin ein
áhugaverðasta kammertónsmíð 20.
aldar frá Rússlandi. Skömmu eftir
að kvintettinn var frumfluttur hlaut
Gubaidulina ákúru frá prófdómurum
við Tónlistarháskólann fyrir að hafa
snúið af hinni „réttu braut“ sovésk
rétttrúnaðar í tónlist sinni. Varla hafði
hún stigið út úr kennslustofunni
þegar Shostakovitsj vatt sér að henni
á ganginum og hvíslaði: „Haltu þig á
vitlausu brautinni!“

Tónleikar Föstudagsraðarinnar í
Norðurljósum taka um klukkustund
og eru fullkominn upptaktur að
skemmtilegri helgi.

„Öll tónlist ber með sér andlegt inntak“



„Hlutverk tónlistarinnar er gríðarstórt en okkur mun líklega aldrei takast að uppfylla það til fulls.“

Tónlist Sofíu Gubaidulinu verður áberandi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðari hluta starfsársins 2019–20 og þrjú lykilverk hennar munu hljóma á tónleikum, tvö þeirra í fyrsta sinn á Íslandi. Gubaidulina er 88 ára gömul og hefur verið búsett í Hamborg frá árinu 1992. Hún þykir eitt fremsta tónskáld samtímans og henni hafa fallið í skaut ótal verðlaun og viðurkenningar. Meðal annars hlaut hún Léonie Sonning-verðlaunin árið 1999, Polar-verðlaunin árið 2002, Evrópsku menningarverðlaunin árið 2005 og hún hefur verið sæmd heildursdoktorsnafnbót við Yale- og Chicago-háskóla. Gubaidulina veitir nær aldrei viðtöl en af þessu tilefni féllst hún á að svara nokkrum spurningum frá Íslandi.

Hverjar eru þínar fyrstu minningar um tónlist? Og hvenær ákvaðstu að leggja tónsmíðar fyrir þig?

„Fyrstu minningar mínar um tónlist tengjast barnatónlistarskólanum, þegar ég var um fimm til sjö ára gömul. Ég gekk inn í bygginguna í fyrsta sinn og strax á þröskuldinum varð ég uppnúmin af því leyndardómsfulla andrúmslofti sem hljómarnir mynduðu. Það bárust hljóð úr mörgum herbergjum þar sem börn voru að læra grunnatriði í tónlist – tónstigar, arpeggiur, hljómar, kaflar úr hinum og þessum tónverkum. Hljóðin bárust að sjálfsögðu í mismunandi tóntegundum. Allt rann þetta saman í mikinn heildarhljóm sem var töfrum líkastur, eins og helgiathöfn. Í rauninni var þetta mitt musteri.“

Síðar kom flygill inn á heimili fjölskyldunnar og þá uppgötvaði ég hjá mér áhuga fyrir því að ímprovísara á píanó. Mér fannst lögin sem ég átti að æfa í skólanum ekki nýta sér möguleika hljóðfærisins, þau náðu bara yfir tvær áttundir á hljómborðinu! Þannig fór mig að langa til að skrifa niður ímynduðu hljóðin. Auðvitað datt mér ekki í hug að þetta gæti leitt til þess að ég yrði tónskáld. Það var bara þessi ósk um að dvelja í heimi tónanna, mig dreymdi um að læra tæknina við að skrifa niður tónlist. Það

var brjálæðislega erfitt. Smám saman fór ég að láta mig dreyma um að komast í læri hjá alvöru tónskáldi. Sá draumur rættist þegar ég var orðin 13–14 ára gömul.“

Þú fæddist í borginni Tsjistopol í Tatarlýðveldinu en fjölskyldan fluttist til borgarinnar Kazan þegar þú varst sjö mánaða gömul. Hvernig var tónlistarlífið þar þegar þú varst ung? Voru það mikil viðbrigði fyrir þig að fara þaðan til Moskvu?

„Í Kazan var tónlistarlífið fremur líflégt og einkennist af metnaði. Kennurum frá Moskvu var oft boðið að koma og kenna við Tónlistarháskólann, og einnig héldu frægir tónlistarmenn tónleika í borginni. Ég útskrifaðist úr Tónlistarháskólanum sem píanóleikari, og kennari minn þar var hinn afbrigðsgóði píanóleikari frá Moskvu, Grigori Mikhailovitsj Kogan. Ég er afar þakklát Tónlistarháskólanum í Kazan fyrir menntunina sem ég hlaut þar, hún var mjög veigamikil. En menntunin var eingöngu klassísk, mig skorti alla þekkingu á samtímatónlist. Þess vegna var það afar mikilvægt fyrir mig að flytja til Moskvu þegar ég var rúmlega tvítug. Þar opnaðist fyrir mér heill heimur af þekkingu og nýjum leiðum. Heimssýn mín stækkaði til muna og það sem mestu skipti, ég fékk að kynnast persónulega tónlistarmönnum í hæsta gæðaflokki.“

Tónlist þín býr yfir sterkri andlegri vídd og mörg verka þinna eru innblásin af trú. Hvernig skýrir þú þessa vídd í verkum þínum? Og hvernig var það að vera trúað tónskáld í Sovétríkjunum?

„Ég er þeirrar skoðunar að öll tónlist beri með sér andlegt inntak, og ég held að án trúarupplifunar væri mér ekki mögulegt að fást við þessa listgrein. Hinn skapaði heimur hefur hljómað frá upphafi vega og hinn upphaflegi hljómur er birtingarmynd þess lögmáls sem er undirstaða alheimsins. Einangraður tónn ber í sér óteljandi yfirtóna, hann sækir þannig í óendanleikann en laðast samtímis að grunntóninum sem er fullkomin, endir. Ég minnst barnslegrar undrunar minnar yfir því að geta ekki komist að endimörkum spunans án þess að kalla fram einhvers konar stöðugan, ómblíðan hljóð. Þá vissi ég ekki að það hétu grunntónn. Þessir tveir andstæðu pólar, óendanleikinn og hið endanlega, eru kjarni tónlistar og lykilla að því að upplifa galdur tilverunnar. Það er hreinlega trúarleg upplifun. En sem trúað tónskáld í Sovétríkjunum var nauðsynlegt að fara leynit með það.“

Hvert er að þínu mati hlutverk tónlistarinnar í hinum hraða og oft órólega heimi 21. aldarinnar?

„Tónlist leyfir okkur að nálgast hið æðsta í tilveru okkar. Hlutverk hennar hefur kannski aldrei verið stærra en nú, af því að margvíslegar ógnir stöðja að mannkyninu um þessar mundir. Við höfum tapað mælikvarða hins æðra; tilveran er einföld og flatneskuleg með efnislegri tækifærisstefnu og lífskrafturinn hefur dvínað vegna langvarandi velmegunar. Á sama tíma upplifa margir mikla eymd sem hefur eyðileggingu í för með sér. Tónlist getur einmitt verið mótvægi við þessa þróun. Hún er rótföst, einhvers konar endurspeglun tilveru á æðra plani. Allt getur þetta hjálpað okkur að varðveita manneskjuna sem margbreytilega veru, að viðhalda uppsprettu þess krafts sem býr innra með okkur öllum.“

En það er erfitt að muna þessa eiginleika tónlistarinnar þegar áreitið miðast við það að manneskjan sé einföld vera sem vill aðeins efnislega flatneskju. Það þykir óþarft og óviðeigandi að reyna að nálgast æðri upplifun eða njóta hennar. Styttra svar við þessari spurningu gæti verið á þessa leið: Hlutverk tónlistarinnar er gríðarstórt en okkur mun líklega aldrei takast að uppfylla það til fulls.“

Ertu í nánnum samskiptum við flytjendur á meðan þú semur tónlist þína?

„Það er afar misjafnt. Stundum eru slík tengsl mjög æskileg og gefandi, til dæmis þegar ég var að semja Sjö orð (Sieben Worte) fyrir selló, bajan (takkaharmóníku) og strengjasveit. Í verkinu vildi ég túlka myndlíkingu krossins, þ.e. láta hljóðin í sólóhljóðferunum mætast í kross. Þetta var auðvelt að framkvæma á selló, glissandó á einum streng fer yfir á næsta streng. En þetta var öldungis ógerlegt á harmóníkuna. Til þess að framkvæma þetta þurfti hugmyndaflug flytjandans, Friedrich Lips. Hann tók sig til og bjó til glissandó-hljóð sem engum hafði dottið í hug að framkvæma áður.“

Annað dæmi: Þegar ég var að semja Fachwerk, sem tileinkað er harmóníkuleikaranum Geir Draugsvoll, þá kom mjög mikilvægt frumkvæði frá sólistanum. Hann vildi fá fleiri einleiksþætti þar sem hann myndi leika án hljómsveitar. Þetta varð til þess að ég þurfti að endurskoða allt form verksins, en ég var afar sáttt við útkomuna og hans þátt í að tónsmíðin fékk sína endanlegu mynd.“

Sinfóníuhljómsveit Íslands fær til liðs við sig flytjendur sem eru ákafir talsmenn þínir og flytja tónlist þína víða um heim: Vadim Gluzman er heimskunnur fyrir túlkun sína á Offertorium, og Baiba Skride, Harriet Krijgh og Elsbeth Moser frumfluttu Þríleikskonsertinn árið 2017. Geturðu sagt okkur eitthvað um þín samskipti við þessa flytjendur og nálgun þeirra á tónlist þína?

„Fyrir mér eru flytjendur einstaklingar sem elska endalaust. Ég elska augnaráð þeirra og hreyfingar og hvernig þau framkalla hljóðin sem ég hef áður heyrt í höfðinu. Ég kann vel að meta ást þeirra á hljóðfæri sínu og á tónlistinni. Einleikararnir sem munu flytja tónlistina mína á Íslandi – Gluzman, Skride, Krijgh og Moser – er allt fólk sem ég hef unnið náið með. Þau urðu fyrir mér mitt annað sjálf. Þau eru ekki aðeins flytjendur heldur alvöru listamenn sem fullkomnuðu sköpunarferlið. Ég er þeim endalaust þakklát fyrir förnýsina og andagiftina.“

Er eitthvað sem þú vilt segja við íslenska tónleikagesti að lokum?

„Ég vil fyrirfram þakka gestum fyrir áhuga sinn á að hlýða á verk mín og koma á tónleikana. Ég vona að þeir sýni verkum mínum eftirtekt og umburðarlyndi. Þeir sem hlusta á klassíska tónlist þurfa að búa yfir mikilli andlegri einbeitingu. Það er ekki auðvelt að skilja til fullnustu dýpt hljóðheimsins. Jafnvel í verkum sem ekki eru alveg nógu góð geta leynst agnir af hinum dýrætta anda tónlistarinnar. Ég mundi vilja safna saman þeim ögnum.“

INKINEN STJÓRNAR BARTÓK



Anna Clyne Masquerade

William Walton Víólukonsert

Béla Bartók Konsert fyrir hljómsveit



Pietari Inkinen
hljómsveitarstjóri

Nils Mönkemeyer
einleikari

Glæsileg og áheyrileg verk
eftir tónskáld frá 20. og
21. öld.

Breska tónskáldið Anna Clyne hefur vakið heimsathygli á síðustu árum fyrir tónlist sína. Tímaritið Time Out New York kallar verk hennar „stórfenglega hugmyndaík“ og hljómsveitarstjórinn Riccardo Muti segir þau koma „beint frá hjartanu“. Clyne var tilnefnd til Grammy-verðlauna árið 2015 og var staðartónskáld Chicago-sinfóníunnar um fimm ára skeið. Hér hljómar sprellfjörugur og áheyrilegur forleikur sem hún samdi fyrir Proms-tónlistarhátíðina árið 2013. Innblástur sækir hún í glaðværa danstónlist fyrri alda og eitt meginstef verksins er enskur sveitadans frá 17. öld.

Víólukonsert Williams Walton frá árinu 1929 er lykilverk sinnar gerðar og festi höfundinn í sessi sem eitt helsta tónskáld Bretlandseyja. „Hann er fæddur snillingur,“ sagði einn gagnrýnandi eftir frumflutninginn. Konsert fyrir hljómsveit var eitt síðasta verkið sem Béla Bartók lauk við áður en hann lést árið 1945. Í konsertinum sýnir hann allar hliðar hljómsveitarinnar á glæsilegan hátt enda er þetta eitt dádasta hljómsveitarverk 20. aldar.

„Hann er poppstjarnan meðal víólusnillinga okkar daga“, fullyrðir gagnrýnandi tónlistarvefsins Klassik.com um hinn þýska Nils Mönkemeyer, sem er tvímælalaust einn fremsti víóluleikari sinnar kynslóðar. Undanfarin ár hefur Mönkemeyer hlotið mikið lof fyrir hljómdiska sína hjá Sony Classical, meðal annars upptöku á víólukonserti Waltons. Sá diskur hlaut Þýsku gagnrýnendaverðlaunin 2018 og rýnir BBC Music jós lofi á „dásamlega tæran“ flutning sem væri til skiptis kraftmikill og angurvær.

Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen er íslenskum áheyrendum að góðu kunnur og hefur stýrt mörgum eftirminnilegum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nýverið tók hann við stöðu aðalstjórnanda hjá Þýsku útvarpsfílharmoníunni auk þess sem hann stjórnar Fílharmoníusveitinni í Japan og er fastagestur við margar fremstu hljómsveitir heims.

HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

Atli Heimir Sveinsson Hjakk

Bára Gísladóttir ÓS

Missy Mazzoli Sinfonia (for Orbiting Spheres)

Hugi Guðmundsson Harmóníkukonsert, frumflutningur

Snorri Sigfús Birgisson Konsert fyrir hljómsveit, frumflutningur

Daniel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Andreas Borregaard
einleikari

Fjölbreytt og spennandi efnisskrá á 40 ára afmælishátíð Myrkra músíkdaga.

Árið 2020 verða 40 ár liðin frá því að tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar var haldin í fyrsta sinn. Þá lék Sinfóníuhljómsveit Íslands á upphafstónleikum hátíðarinnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og hafa tónleikar Sinfóníunnar verið meðal stórviðburða hátíðarinnar allar götur síðan.

Meðal forsprakka hátíðarinnar fyrstu árin var Atli Heimir Sveinsson. Hjakk er lykilverk á ferli hans, samið árið 1979 og vakti mikla athygli og umtal á sinni tíð. „Þar er hjakkað af bráðskemmtilegri hugkvæmni í ætt við sverðdansa og svoleiðis, eða verksmiðju- og virkjanamúsík frá dögum Leníns & co.“, ritaði Leifur Þórarinnsson í blaðadómi. Ákafur og knýjandi taktur gengur gegnum verkið allt, og 40 árum síðar er verkið er enn hressandi, ferskt og ögrandi.

Á Myrkum músíkdögum 1980 var Snorri Sigfús Birgisson í hópi allra yngstu tónskáldanna og vakti tónlist hans mikla hrifningu. Á tónleikunum 2020 verður frumfluttur Konsert fyrir hljómsveit sem Snorri samdi á árunum 2013–15 og tileinkar minningu tveggja góðvina sinna, hjónanna Noru Kornblueh og Óskars Ingólfssonar.

Hugi Guðmundsson hefur vakið mikla athygli fyrir tónlist sína og nýjasta verk hans er konsert saminn fyrir danska harmóníkusnillinginn Andreas Borregaard. Hann varð fyrsti harmóníkuleikarinn til að nema við hinn fræga Guildhall-skóla í Lundúnum, og ferðast nú um heiminn til að leika á tónleikum auk þess sem hann kennir við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Nýverið kom út hljóðritun hans á Goldberg-tilbrigðum Bachs og hefur hún fengið glimrandi dóma í heimspressunni.

Bára Gísladóttir hlaut nýverið hin virtu Léonie Sonning-verðlaun í Danmörku. Hún samdi ÓS í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands og var það frumflutt í Eldborg 1. desember 2018. Einnig hljómar fjörukt verk frá árinu 2013 eftir bandaríska tónskáldið Missy Mazzoli, sem hún samdi fyrir Fílharmoníusveit Los Angeles og hefur hljómað víða um heim við frábærar undirtektir. Hún gegnir nú stöðu staðartónskálds hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago og New York Times hafði um hana þau orð að hún væri „eitt hugmyndaríkasta tónskáld New York-borgar“ um þessar mundir.



HÁDEGISTÓNLEIKAR

YRKJA – UPPSKERUTÓNLEIKAR

Eygló Höskuldsdóttir Viborg **Nýtt verk**

Sigurður Árni Jónsson **Nýtt verk**

Bjarni Frímann Bjarnason

hljómsveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir

leiðbeinandi



Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fjögur undanfarin starfsár tekið þátt í Yrkju sem er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa, og þannig gefið ungum tónskáldum tækifæri til að kynna hljómsveitinni í návígi. Nú efnir hljómsveitin til slíks samstarfs í fimmta sinn. Fimm manna dómnefnd, skipuð tónskáldum og meðlimum Sinfóníunnar, valdi tónskáld til þátttöku og urðu þau Eygló Höskuldsdóttir Viborg og Sigurður Árni Jónsson hlutskörpust. Þau munu starfa með hljómsveitinni í níu mánuði og fá þannig tækifæri til að þróa færni sína í að semja fyrir hljómsveit og verða verk þeirra frumflutt á þessum hádegistónleikum í Norðurljósum.

Sigurður Árni Jónsson lærði tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og lauk meistaraþrófi frá Tónlistarháskólanum í Gautaborg, auk þess að vera menntaður gítarleikari. Verk hans hafa verið flutt víða á Norðurlöndum, meðal annars af Sinfóníuhljómsveitinni í Norrköping, Esbjerg-tónlistarhópnum í Danmörku og Caput. Hann átti einnig verk á Myrkum músikdögum og Ung Nordisk Musik árið 2017.

Eygló Höskuldsdóttir Viborg stundar nú meistaranám í tónsmíðum við New York University undir handleiðslu Juliu Wolfe, en hún lauk bakkalársþrófi í tónsmíðum með hæstu einkunn frá Berklee College of Music árið 2017. Tónlist hennar hefur verið flutt bæði í Boston og New York af hópum á borð við JACK Quartet og Quince Ensemble. Hún söng um árabíl með Graduale Nobili, sem tók meðal annars þátt í Biophilia-verkefni Bjarkar Guðmundsdóttur og kom fram á tónleikum með henni víða um heim.

YRKJA miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Anna Þorvaldsdóttir, staðartónskáld Sinfóníunnar, hefur veg og vanda af tónskáldastofunni en auk hennar vinnur Bjarni Frímann Bjarnason, aðstoðarstjórnandi hljómsveitarinnar, náið með höfundum.

Aðgangur er ókeypis á Yrkju-tónleikana og allir velkomnir.

8.-16. FEBRÚAR

TÓNLEIKAFERÐ TIL BRETLANDS

Georges Bizet L'Arlésienne, svíta

Maurice Ravel Píanókoncert fyrir vinstri hönd

Anna Þorvaldsdóttir Aeriality

Jean Sibelius Sinfónía nr. 1

Sergej Prokofiev Rómeó og Júlía, úr ballettsvítum



Í febrúar 2020 heldur Sinfóníu-
hljómsveitin í tónleikaferð
til Bretlands og er þetta fyrsta
tónleikaferðalagið sem hljómsveitin
fer í þar í landi. Áður hefur hljómsveitin
aðeins haldið eina tónleika í Bretlandi,
á Proms-tónlistarhátíð BBC sumarið
2014. Í þetta sinn verða tónleikarnir
átta talsins. Yan Pascal Tortelier
stjórnar hljómsveitinni en Anna
Þorvaldsdóttir, staðartónskáld
Sinfóníuhljómsveitarinnar, verður einnig
með í för og mun taka þátt í kynningu á
verkum sínum á öllum tónleikastöðum.
Þá koma til liðs við hljómsveitina tveir
einleikarar sem skiptast á að leika
píanókoncert Ravels fyrir vinstri hönd,
Jean-Efflam Bavouzet og Yeol Eum Son.

8. FEBRÚAR 2020

Royal Concert Hall, Nottingham

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

9. FEBRÚAR 2020

Theatre Royal, Norwich

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

10. FEBRÚAR 2020

Cadogan Hall, London

Yeol Eum Son
einleikari

11. FEBRÚAR 2020

Symphony Hall, Birmingham

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

13. FEBRÚAR 2020

St David's Hall, Cardiff

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

14. FEBRÚAR 2020

The Anvil, Basingstoke

Yeol Eum Son
einleikari

15. FEBRÚAR 2020

Town Hall, Leeds

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

16. FEBRÚAR 2020

Usher Hall, Edinburgh

Yeol Eum Son
einleikari



Dóra Björgvinsdóttir
fiðla



MAHLER OG DEBUSSY



Lili Boulanger D'un matin de printemps

Gustav Mahler Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn

Benjamin Britten Sea Interludes úr Peter Grimes

Claude Debussy La mer



Hannu Lintu
hljómsveitarstjóri

Michelle DeYoung
einsöngvari

Glæsileg tónlist tengd hafinu og vorinu hljómar á þessum tónleikum undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Hannu Lintu Hann er aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki og hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með stórkostlegum árangri. „Undir stjórn Hannu Lintu fékk Sinfóníuhljómsveit Íslands að láta öll blæ-, styrk- og litbrigði njóta sín; flutningurinn var allan tímann stórskemmtilegur og spennandi,“ sagði tónleikarýnir Morgunblaðsins um flutning hans á sinfóníum Beethovens í Hörpu árið 2011.

Hin franska Lili Boulanger lést aðeins 24 ára gömul árið 1918 en hafði þá þegar samið glæsileg tónverk, meðal annars hina ljúfu vorstemningu sem hljómar í upphafi tónleikanna. Des Knaben Wunderhorn, eða Drengsins nægtahorn, er heiti á safni þýskra þjóðkvæða sem gefið var út árið 1805. Fjölmörg tónskáld sömdu lög við kvæðin en ekkert sótti þangað innblástur í sama mæli og Gustav Mahler, söngvaflokkur hans er sannkallað meistaraverk. Tónlistin og textarnir spanna allt frá ástarsorg til stríðsátaka, eru ýmist kaldhæðin, bitur, glaðvær eða íhugul.

Hafið er í forgrunni á síðari hluta tónleikanna. Sjávarmyndir Britten's eru röð hljómsveitarþátta úr hinni mögnuðu óperu Peter Grimes, þar sem sjómaður tekst á við eigin breyskleika og óvild samfélags í enskum sjávarbæ. La mer er hið mikilfenglegasta af hljómsveitarverkum Debussys, eins konar sinfónía um hafið, vindinn og öldurnar. Í þessu verki fær hljómsveitin að sýna allar sínar bestu hliðar.

Bandaríska mezzósópransöngkonan Michelle DeYoung er einstaklega innblásinn túlkandi og sérhæfir sig meðal annars í tónlist Mahlers. Hún hefur sungið við Metropolitan-óperuna og Covent Garden og kemur reglulega fram með fremstu sinfóníuhljómsveitum heims, til dæmis Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam og Staatskapelle Berlin undir stjórn Daniels Barenboim.

Spjallað við Þórarin Óskarsson, básúnuleikara, sem lék á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950.

„Þú skalt bara leggja þetta fyrir þig, drengur minn“



Aram Katsjaturian ræðir við Róbert Abraham Ottósson og Þórarin Óskarsson á æfingu í Þjóðleikhúsinu árið 1951.

Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru haldnir í hinu nýbyggða Austurbæjarbíói hinn 9. mars 1950. Stjórnandi var Róbert A.

Ottósson og á efnisskránni voru verk eftir Beethoven, Bartók, Haydn og Schubert. Í Sinfóníuhljómsveit Íslands voru fyrst um sinn 39 hljóðfæraleikarar, þar af fimm erlendu tré- og málmblásturshljóðfæraleikarar sem fengnir voru sérstaklega til að styrkja hljómsveitina. Sumir innlendu hljóðfæraleikaranna voru ungir að árum enda þurfti að nota alla þá krafta sem til staðar voru. Á básúnu léku tveir ungir menn, Halldór Einarsson sem var 24 ára og Þórarinn Óskarsson sem þá var tvítugur. Halldór lést árið 2009 en Þórarinn er kominn fast að níræðu. Hann er ern með eindæmum og kann enn sögur af starfinu fyrstu árin.

„Þú skalt bara leggja þetta fyrir þig, drengur minn“

„Tónleikarnir heppnuðust vel, það var alveg fullt hús og allir ánægðir með þá og sumir alveg yfir sig hrifnir,“ segir Þórarinn. „Efingarnar höfðu gengið að óskum, Róbert Abraham var ágætur stjórnandi, þó betri kórstjórnandi en hljómsveitarstjóri, en hann var mjög nákvæmur og gerði allt eftir bókinni. Samstarfið við hina erlendu hljóðfæraleikara gekk líka vel og við vorum fljótir að kynna þeim eftir að þeir komu og sumir þeirra ilengdust hér á landi. Allir hinir blásararnir í sveitinni komu úr röðum Lúðrasveitar Reykjavíkur. Ég líka, en þar hafði ég byrjað hjá Birni R. Einarssyni og hann fékk mig að halda áfram, útvegaði mér hljóðfæri og sagði, „Þú skalt bara leggja þetta fyrir þig, drengur minn.“ Faðir hans, Einar Jónsson, ætlaði þá að hætta í sveitinni um haustið og það vantaði mann.“

Eftirminnilegustu tónleikarnir eru tónleikar í Þjóðleikhúsinu árið 1951 þegar rússneska tónskáldið Aram Katsjaturian kom og stýrði hljómsveitinni.

„Þú getur farið að kenna“

„Ég spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fjögur ár, frá 1950–1954. Á þessum árum var ég byrjaður að spila dansmúsík með hinum ýmsu böndum, þannig að ég hafði í sjálfu sér ágætis tekjur. Jón Þórarinnsson bauð mér áframhaldandi samning hjá hljómsveitinni en launin voru bara svo lág og ég var búin að fá vinnu hjá varnarliðinu þar sem launin voru tvöfalt hærri og ég var þá með hús í byggingu, þannig að það gekk ekki. Jón reyndi að telja mér hughvarf og benti á að ég gæti farið að kenna og tvöfaldað launin þannig, en þá hefði ég bara verið kominn í tvöfalt starf, þannig að

þar við sat. Ég spilaði áfram dansmúsík, meðal annars með mínu eigin bandi, Dixielandhljómsveit Þórarins Óskarssonar, og líka með strákunum uppi á velli á klúbbunum þar.“

Sverðdans með Katsjaturian

„Þetta var í sjálfu sér ekki erfið ákvörðun. Ég fylgdist grannt með hljómsveitinni árin á eftir, fór á alla tónleika hennar og naut þess. Þetta var góður tími og maður eignaðist góða vini og ég minnst þessara ára með mikilli hlýju. Eftirminnilegustu tónleikarnir eru tónleikar í Þjóðleikhúsinu árið 1951 þegar rússneska tónskáldið Aram Katsjaturian kom og stýrði hljómsveitinni. Á efnisskrá voru meðal annars nokkur verk eftir hann sjálfan, þar á meðal hinn frægi Sverðdans. Þetta voru skemmtilegir tónleikar og hann var bara ánægður með hljómsveitina. Ég á einmitt mynd af okkur saman þar sem hann er að segja mér til, en ég ekki honum,“ segir Þórarinn að lokum og brosir sínu strákslega brosi.

MAHLER OG SIBELIUS

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR



Páll Ísólfsson Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar

Jean Sibelius Fiðlukonsert

Gustav Mahler Sinfónía nr. 1

Eva Ollikainen
Hljómsveitarstjóri

Augustin Hadelich
einleikari

Glæsilegir hátíðartónleikar í tilefni þess að í mars 2020 verða 70 ár liðin frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika.

Í mars 2020 verða 70 ár liðin frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika þar sem hljóma stórvirki eftir Sibelius og Mahler, en einnig sjaldheyrta verk eftir Pál Ísólfsson sem var frumkvöðull í íslensku tónlistarlífi og einn helsti hvatamaður þess að Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð á sínum tíma. Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar er sérlega áheyrileg og skemmtileg leikhústónlist, samin við leikgerð sem Halldór Laxness gerði úr sögum og ljóðum Jónasar á hundrað ára ártíð listaskáldsins góða árið 1945.

Fáir kunnu betur listina að semja fyrir stóra sinfóníuhljómsveit en Gustav Mahler. Fyrsta sinfónía hans var metnaðarfull frumraun og upphafstaktar hennar eru að mati tónlistarrýnis The Guardian „eitt innblásnasta augnablik í gjörvallri

sinfónískri tónlist 19. aldar“. Í verkinu hljómar einnig meðal annars glaðvær sveitatónlist og sorgarmars sem byggður er á laginu Meistari Jakob. Lokataktarnir eru með því stórfenglegasta sem gert hefur verið í sinfónískri tónlist fyrr og síðar.

Augustin Hadelich hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð fiðluleikara á heimsvísu. Tímaritið Musical America útnefndi hann hljóðfærалеikara ársins 2018 en skömmu áður hlaut hann sín fyrstu Grammy-verðlaun. Sumarið 2018 kom hann líka í fyrsta sinn fram á tónlistarhátíðinni víðfrægu í Salzburg og lék þar einmitt konsert Sibeliusar. Hadelich leikur á ómetanlega Stradivarius-fiðlu frá árinu 1723, sem komst í heimsfréttirnar fyrir um áratug þegar fyrri eigandi hennar gleymdi henni í leigubíl í New York – en strangheiðarlegur bílstjórinn skilaði henni næsta dag.

Um tónsprotann heldur hin finnska Eva Ollikainen, sem vakti feykilega athygli fyrir glæsilega tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar 2019 og var umsvifalaust ráðin til að stjórna tvennum tónleikum á þessu starfsári.





RÚSSNESK VEISLA



Sergej Rakhmanínov Píanókonsert nr. 3

Pjotr Tsjajkovskíj Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Ígor Stravinskíj Eldfuglinn, svíta

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Olga Kern
einleikari

Glæsileg rússnesk efnisskrá með Cliburn-sigurvegaranum Olgu Kern og Bjarna Frímanni Bjarnasyni aðstoðarstjórnanda Sinfóníunnar.

Rússneski píanósningurinn Olga Kern vakti heimsathygli þegar hún hlaut fyrstu verðlaun í Van Cliburn-keppninni í Texas árið 2001, fyrsta konan í 30 ára sögu keppinnar til að hreppa gullpeninginn. Síðan hefur hún komið fram í helstu tónleikasölum austan hafs og vestan, meðal annars Carnegie Hall og La Scala í Mílanó. Rúmur áratugur er síðan Olga Kern lék síðast á Íslandi og hafa margir unnendur píanóleiks beðið endurkomu hennar með óþreyju. Tónlist Rakhmanínovs er eins konar sérgrein hennar og í þetta sinn flytur hún þriðja píanókonsert meistarans, verk sem lengi vel var talið óspilandi en er nú ein hans dádasta smíð.

Á efnisskránni eru einnig verk eftir tvo aðra rússneska meistarara. Rómeó og Júlía er ein áhrifamesta ástarsaga allra tíma og hefur orðið ótal listamönnum innblástur. Í forleik sínum speglar Tsjajkovskíj átakanlegan harm og spennu leikritsins með eftirminnilegum hætti. Stravinskíj náði fyrst athygli heimsins árið 1910 með glæsilegri tónlist sinni við ballettinn Eldfuglinn. Þetta verk hefur allar götur síðan verið talið til meistaraverka tónlistar á 20. öld og hér hljómar svíta með frægustu þáttunum, meðal annars kraftmiklum og spennandi vítisdansinum.

Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason, sem hefur getið sér einkar gott orð fyrir frammistöðu sína undanfarin misseri.



LITLI TÓNSPROTINN

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

Atli Heimir Sveinsson Dimmalimm

Pjotr Tsjajkovskíj Úr Svanavatninu

Atli Heimir Sveinsson Kvæðið um fuglana



Eitt ástsælasta ævintýri Íslands í dásamlegum tónlistarbúningi Atla Heimis Sveinssonar.

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara
sögumaður og kynnir

Nemendur úr
Listdanskóla Íslands

Gradualekór Langholtskirkju

Listmálarinn Muggur, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um Dimmalimm árið 1921 handa lítilli frænku sinni þegar hann var á siglingu á Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersema listamálarans og hann málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta meðan á flutningi tónlistarinnar standur. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar við verkið skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka. Nú verður það flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt kórstúlkum úr Gradualekór Langholtskirkju og dönsurum úr Listdanskóla Íslands.

Það er við hæfi á þessum ljúfu og fallegu tónleikum að fylgja Dimmalimm úr hlaði með völdum þáttum úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj. Rússneski dansinn, Dans litlu svananna og fleiri þættir munu gleðja tónleikagesti í túlkun nemenda Listdanskóla Íslands. Þessum sannkölluðu ævintýratónleikum lýkur á Kvæðinu um fuglana eftir Atla Heimi Sveinsson.

Kynnir og sögumaður tónleikanna er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, og hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímenn Bjarnason.

MOZART OG KURT WEILL



Ígor Stravinskij Sinfóníur fyrir blásara

Kurt Weill Fiðlukonsert

W.A. Mozart Serenaða nr. 10, „Gran partita“



Osmo Vänskä
hljómveitarstjóri

Erin Keefe
einleikari

Osmo Vänskä stjórnar blásarasveit Sinfóníuhljómveitarinnar í innblásnum verkum eftir Weill og Mozart.

Pessir tónleikar verða með nokkuð óvenjulegu sniði því að blásarasveit Sinfóníuhljómveitarinnar verður hér í sviðsljósinu. Ígor Stravinskij samdi Sinfóníur fyrir blásara árið 1920 í minningu Debussys, sem hann sagði að hefði „ávallt sýnt mér og verkum mínum sanna vináttu“. Konsert fyrir fiðlu og blásara eftir Kurt Weill er eitt hans áhugaverðasta konsertverk, þar sem heyra má áhrif bæði frá djassi og tónlist Stravinskíjs.

Bandaríski fiðluleikarinn Erin Keefe er konsertmeistari Minnesota-hljómveitarinnar og handhafi hinna virtu Avery Fisher-verðlauna. Hún hefur hlotið frábæra dóma fyrir flutning sinn á fiðlukonserti Weills, bæði í Finnlandi og Bandaríkjunum og það er tilhlökkunarefni að heyra hana flytja þetta áhugaverða verk sem aðeins hefur einu sinni áður hljómað á Íslandi.

Hljómveitarstjórinn Osmo Vänskä er Íslendingum að góðu kunnur enda var hann aðalstjórnandi hljómveitarinnar um skeið og hefur verið heiðursstjórnandi hennar undanfarin ár. Vänskä er einnig frábær klarínnettuleikari og hefur komið fram sem slíkur um allan heim. Á seinni hluta tónleikanna tekur hann sér sæti meðal blásaranna og leikur með í hinni guðdómlegu serenóðu eða kvöldlokku Mozarts fyrir 13 blásara og kontrabassa. Snilligáfa Mozarts reis sjaldan hærra en í þessu verki, en margir hlustendur þekkja einkum hæga þáttinn sem var notaður á ógleymanlegan hátt í kvikmyndinni Amadeus.

FÖSTUDAGSRÖÐIN

UPPLJÓMUÐ NÓTT



Arnold Schönberg Verklärte Nacht (Uppljómuð nótt)

Béla Bartók Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu

Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Bjarni Frímánn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Lykilverk fyrir strengjasveit eftir tvo meistara tónlistarinnar á 20. öld.



Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands er í sviðsljósinu á föstudagstónleikum þar sem hljóma tvö meistaraverk frá fyrri hluta 20. aldar. Arnold Schönberg samdi meistaraverkið Verklärte Nacht á aðeins þremur vikum og byggði á samnefndu ljóði þar sem segir frá ungum elskendum á skógargöngu að kvöldlagi. Þetta glæsilega og tilfinningaþrungna verk er löngu komið í hóp helstu meistaraverka tónlistarinnar frá árunum í kringum aldamótin 1900. Í fyrstu fékk það þó dræmar viðtökur. Einn starfsbróðir Schönbergs sagði skömmu eftir að verkið varð til að það væri engu líkara en tónskáldið hefði „tekið handritið að Tristan og Ísold og klínt blekinu út um allt meðan það var enn blautt“.

Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu er lykilverk á ferli Béla Bartóks, samið árið 1936. Það hefur verið kallað „ein fullkonnasta tónsmíð sem Bartók samdi“ og sagt að það spanni allar þær mótsagnir sem gera list hans svo hrífandi: „það er frumstætt og fágað, villt og hamið, kyrrlátt og ógnvekjandi, alvarlegt og spaugilegt“. Bjarni Frímánn Bjarnason hefur vakið mikla eftirtekt fyrir frábæra hljómsveitarstjórn, bæði hjá Sinfóníunni og Íslensku óperunni, þar sem hann gegnir stöðu tónlistarstjóra. Á þessum tónleikum er hann á heimavelli í tónlist sem er honum einkar hjartfólgin.

Tónleikar Föstudagsraðarinnar í Norðurljósum taka um klukkustund og eru fullkominn upptaktur að skemmtilegri helgi.

RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA II



Sofia Gubaidulina Offertorium, fiðlukonsert

Sergej Rakhmanínov Sinfónía nr. 2

Antonio Méndez
hljómsveitarstjóri

Vadim Gluzman
einleikari



Verkið sem aflaði Sofíu Gubaidulinu heimsfrægðar, hinn magnaði fiðlukonsert Offertorium, ásamt einu dádasta hljómsveitarverki Rakhmanínovs.

Sofía Gubaidulina er meðal virtustu tónskálda sinnar kynslóðar og er komin hátt á níræðisaldur. Verk hennar eru mjög í forgrunni á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar vorið 2019; tvö lykilverk hennar hljóma á áskriftartónleikum ásamt hljómsveitarverkum landa hennar, Rakhmanínovs, auk þess sem tónleikar í Föstudagsröðinni eru helgaðir kammertónlist beggja.

Offertorium (Fórn) er eitt helsta verk Gubaidulinu, magnþrunginn fiðlukonsert þar sem hún leggur út af svonefndu konungsstefi úr Tónafórn J.S. Bachs. Rússnesk-ísrælski fiðlusnillingurinn Vadim Gluzman fer með einleikshlutverkið í verkinu, en hann þykir einn helsti túlkandi þess á heimsvísu og hefur leikið það með mörgum helstu sinfóníuhljómsveitum heims.

Önnur sinfónía Rakhmanínovs er hans dádasta hljómsveitarverk og fastagestur á efnisskrám hljómsveita frá því það hljómaði fyrst árið 1908. Í henni sameinast allt það sem gerir tónlist Rakhmanínovs svo heillandi: grípandi stef og meistaraleg tók á litbrigðum hljómsveitarinnar. Í tónleikaferð sinni til Japans haustið 2018 lék Sinfóníuhljómsveitin verkið alls sjö sinnum undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, og verður fróðlegt að heyra tók hennar á því nú, rúmu ári síðar.

Antonio Méndez hefur tvisvar áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands og uppskorið fimm stjórn dóma frá gagnrýnendum í bæði skiptin.



Frank Hammarin
horn

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

AIÓN

Anna Þorvaldsdóttir og Erna Ómarsdóttir AIÓN



Íslenski dansflokkurinn Sinfóníuhljómsveit Íslands

Erna Ómarsdóttir í samvinnu við
dansara Íslenska dansflokksins
danhöfundur

Anna Þorvaldsdóttir
tónverk

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

**Pierre-Alain Giraud og Valdimar
Jóhannsson**
vídeóverk

Agnieszka Baranowska
búningahönnuður

Valdimar Jóhannsson
ljósahönnun

Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
aðstoðardanshöfundur

**Charmene Pang, Elín Signý
Weywadt Ragnarsdóttir, Erna
Gunnarsdóttir, Félix Urbina
Alejandre, Inga Huld Hákonar-
dóttir, Shota Inoue, Tilly Sordat
og Una Björg Bjarnadóttir**
dansarar

Ekki missa af einstökum viðburði fyrir alla þá sem hafa áhuga á spennandi nýsköpun í tónlist og dansi á Íslandi.

AIÓN er innblásið af abstrakt hugsun um tímann og ferðalag milli vídda. Í þessu nýja verki bjóða Erna Ómarsdóttir danshöfundur og Anna Þorvaldsdóttir tónskáld áhorfendum upp á töfrandi heim þar sem tónlist og dans mætast á óvanalegan hátt og dansarar Íslenska dansflokksins og hljóðfærleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar renna saman í eitt.

Anna og Erna eru báðar búnar að stimpla sig inn á heimsvísu sem miklir áhrifavaldar hvor í sinni listgrein. Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hafa verk hennar verið flutt af fremstu hljómsveitum heims, m.a. Fílharmóníusveitunum í Berlín, New York og Los Angeles. Erna Ómarsdóttir er listdansstjóri Íslenska dansflokksins og hefur hún hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín sem sýnd hafa verið á helstu listahátíðum og leikhúsum í Evrópu og víðar.

AIÓN er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar, en verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og Íslenska dansflokki þann 24. maí 2019 í Tónlistarhúsinu í Gautaborg.

Finnski hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing stjórnar en hún stýrði einnig frumflutningnum í Gautaborg.



LITLI TÓNSPROTINN

HVAR ER HÚFAN MÍN?

Tónlist eftir **Thorbjörn Egner** úr Kardemommubænum og Dýrunum í Hálsaskógi



Sögurnar og söngvarnir hafa glatt unga sem aldna um langt árabíl og eru söngvar og persónur Thorbjörns Egners meðal okkar skemmtilegustu og tryggustu heimilisvina.

Marit Strindlund
hljómsveitarstjóri

Jóhann G. Jóhannsson
útsetningar

**Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
Pálmi Gestsson, Valur Freyr
Einarsson og Örn Árnason**
söngvarar og sögumenn

Skólakór Kársness

Hvar er húfan mín?“, „Ja, fussum svei!“, „Dvel ég í draumahöll“, „Þegar piparkökur bakast“ og fjölmörg önnur kunnugleg lög úr heimahögum Kaspers og Jaspers og Jónatans, Soffiu frænku, Lilla klifurmúsar og Mikka refs hljóma nú í fyrsta sinn í Eldborg í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sögurnar og söngvarnir hafa glatt unga sem aldna um langt árabíl og eru söngvar og persónur Thorbjörns Egners meðal okkar skemmtilegustu og tryggustu heimilisvina.

Gestgjafar á þessum litríku fjölskyldutónleikum verða hinir landsþekktu leikarar og söngvarar Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Örn Árnason ásamt Skólakór Kársness. Sinfóníuhljómsveitin okkar tekst nú á hendur stórkostlega skemmtilegt ferðalag til Kardemommubæjar og Hálsaskógar þar sem góð samskipti og fallegar lífsreglur eru lagðar í hvívetna.

Sænski hljómsveitarstjórinn Marit Strindlund sækir hljómsveitina heim í fyrsta sinn en hún hefur verið atkvæðamikill óperustjórnandi í Skandinavíu og víðar ásamt því að vinna við ballettuppfærslur um árabíl í Covent Garden.



BRAHMS OG SHOSTAKOVITSJ



Sveinn Lúðvík Björnsson Glerhjallar, frumflutningur

Dmítríj Shostakovitsj Sellókonsert nr. 2

Johannes Brahms Sinfónía nr. 2

Rafael Payare
hljómsveitarstjóri

Alisa Weilerstein
einleikari

Hin bandaríska Alisa Weilerstein er í hópi fremstu sellista heims. Hún hlaut hin eftirsóttu MacArthur verðlaun árið 2011 fyrir að sameina „ástríðufullan tónlistarflutning og tæknilega fullkomnun“, eins og dómnefndin orðaði það. Þeirri ákvörðun var meðal annars fagnað í New York Times, þar sem hún var kölluð „tónlistarkona með sannar hugsjónir“.

Eiginmaður Weilerstein er hljómsveitarstjórinn Rafael Payare, sem ólst upp í El Sistema-hljómsveitakerfinu í Venesúela. Hann var um skeið fyrsti hornleikari hinnar frægu Simon Bolívar-hljómsveitar, hlaut fyrstu verðlaun í Malko-stjórnendakeppninni árið 2012 og tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í San Diego.

Weilerstein leikur seinni sellókonsert Shostakovitsj, sem hann samdi árið 1966 handa Mstislav Rostropovitsj.

Þetta er dulúðleg og dökk tónsmíð, en þó skín kímigáfa tónskáldsins einnig í gegn, m.a. þegar hann vitnar í ukráinskan götusöng. Önnur sinfónía Brahms er ljúfasta og áheyrilegasta verk hans af þessum toga og nýtur verðskuldaðra vinsælda hjá tónlistarunnendum um allan heim. Einn vinur tónskáldsins lýsti verkinu svo: „Ekkert nema heiðblár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“

Nýtt hljómsveitarverk frá Sveini Lúðvík Björnssyni sætir tíðindum, en íhugul tónlist hans hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. Þegar Sinfóníuhljómsveitin flutti klarínett-konsert hans árið 2014 sagði gagnrýnandi Fréttablaðsins að útkoman hefði verið seiðandi og unaðsleg, og fullyrti að verkið væri „einn allra besti íslenski einleikskonsert sem ég hef hlýtt á“.

Alisa Weilerstein hlaut hin eftirsóttu MacArthur verðlaun árið 2011 fyrir að sameina „ástríðufullan tónlistarflutning og tæknilega fullkomnun“



FÖSTUDAGSRÖÐIN

SÓLSKINSSINFÓNÍAN



Grażyna Bacewicz Kvartett fyrir fjórar fiðlur

Johannes Brahms Sinfónía nr. 2



Rafael Payare
hljómveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir,
Una Sveinbjarnardóttir,
Páll Palomares og
Vera Panitch
kvartett

„Ekkert nema blár himinn,
lækjarniður, sólskin og
græn forsæla!“ sagði
einn vinur Brahms um
sinfóníu hans nr. 2 sem er
sú glaðværasta sem hann
samdi.

Johannes Brahms samdi aðra
sinfóníu sína í sumarleyfi í
austurrísku sveitaþorpi sumarið 1877.
Það kemur því ekki á óvart að sinfónían
sé sérlega ljúf, björt og fögur. Jón
Ásgeirsson tónskáld hafði á orði um
þessa sinfóníu að hún væri sneisafull af
„þeim stefjum sem syngja sig inn í sál
manns“. Hér hljómar þetta meistaraverk
Brahms undir stjórn venesúelska
hljómveitarstjórans Rafael Payare, sem
ólst upp í El Sistema-hljómveitakerfinu
en er nú aðalstjórnandi
Sinfóníuhljómveitarinnar í San Diego.

Á tónleikunum hljómar einnig bráðsnjall
kvartett fyrir fjórar fiðlur eftir hina
pólsku Grażynu Bacewicz. Hún var
afkastamikið tónskáld um miðja 20. öld,
samdi kraftmikla nýklassik og var ein
fyrsta konan í heiminum til að gegna
prófessorsstöðu í tónsmíðum.
Kvartettinn er frábær tónsmíð,
áheyrileg og fjörug, og hljómar hér
í flutningi leiðandi fiðluleikara úr
Sinfóníuhljómveit Íslands.

Tónleikar Föstudagsraðarinnar í
Norðurljósum taka um klukkustund
og eru fullkominn upptaktur að
skemmtilegri helgi.

HALLVEIG SYNGUR MOZART



W.A. Mozart Brúðkaup Fígarós, forleikur

W.A. Mozart Ariúr úr Brúðkaupi Fígarós, Don Giovanni, Così fan tutte o.fl.

W.A. Mozart Chaconne úr Idomeneo

W.A. Mozart Sinfónía nr. 40

Jonathan Cohen
hljómsveitarstjóri

Hallveig Rúnarsdóttir
einsöngvari

Kristaltær rödd Hallveigar Rúnarsdóttur í eftirlætis-
aríum úr óperum Mozarts.

Pessir tónleikar eru sannkölluð veisla fyrir þá sem unna tónlist Mozarts, því að hér hljóma mörg hans vinsælustu verk í bland við tvö sem eru síður þekkt. Forleikur og ariúr úr Brúðkaupi Fígarós, Don Giovanni og Così fan tutte mynda fyrri hluta efnisskrárinnar, en einnig heyrast undurfögur aría úr Il re pastore, sem Mozart samdi aðeins 19 ára gamall, og glæsilegur hljómsveitarþáttur úr óperunni Idomeneo.

Eftir hlé hljómar svo sinfónía Mozarts nr. 40, sem hann samdi undir lok ævinnar. Þessi sinfónía er eitt hans dramatískasta verk og sýnir aukinn þroska hans og áráðni í tónsmíðunum, en um þetta leyti var Mozart í miklum fjárhagskröggum og ritaði vinum sínum átakanleg bréf með ósk um lánveitingar.

Hallveig Rúnarsdóttir hefur á undanförunum árum sungið sig inn í hjötu landsmanna með kristaltærri rödd sinni. Hún hefur farið með lykilhutverk í óperum, meðal annars Don Giovanni í uppfærslu Íslensku óperunnar, og einnig vakið mikla hrifningu fyrir óratoríu- og ljóðasöng. Sérstaka athygli vakti blæbrigðaríkur flutningur hennar á Ave Mariu eftir Sigvalda Kaldalóns á tónleikunum Klassíkin okkar haustið 2018, þegar varla var þurrt auga í salnum. Hún var valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2018.

Jonathan Cohen er einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Hann stýrir sinni eigin hljómsveit, Arcangelo, sem hefur m.a. hljóðritað Messu í h-moll eftir Bach og hlotið frábæra dóma. Cohen kom fyrst fram á Íslandi á aðventutónleikum Sinfóníunnar 2017 og stýrði sveitinni af slíkum innblæstri að honum var umsvifalaust boðið aftur.



MIÐVIKUDAGUR **27. MAÍ** 18:30

FÖSTUDAGUR **29. MAÍ** 18:30

Tónleikakynning í Norðurljósum
mánudaginn 25. maí kl. 20:00

VALKYRJAN



Richard Wagner Valkyrjan (Die Walküre)

Alexander Vedernikov
hljómsveitarstjóri

Julia Burbach
leikstjóri

Tal Rosner
vídóhönun og útlit

Christine Goerke Brünnhilde

Christopher Ventris Siegmund

Jamie Barton Fricka

Claire Rutter Sieglinde

Ólafur Kjartan Sigurðarson Wotan

Frode Olsen Hunding

Lilja Guðmundsdóttir Helmvige

Sigrún Pálmadóttir Gerhilde

Margrét Hrafnadóttir Ortlinde

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir Waltraute

Agnes Thorsteins Siegrune

Nathalía D. Halldórsdóttir Roßweiße

Hildigunnur Einarsdóttir Grimgerde

Svanhildur Rósa Pálmadóttir

Schwertleite

Nú hljómar Valkyrjan í fyrsta sinn í heild á Íslandi og þetta er í fyrsta sinn síðan árið 2002 sem ópera Wagners er sýnd hér í fullri lengd.

Niflungahringur Richards Wagner er án nokkurs vafa ein metnaðarfullsta ópera sem fyrirfinnst í tónlistarsögunni. Fjórar óperur mynda verkið og við smíði sögunnar sótti Wagner ekki aðeins efni í hið þýska Niflungaljód, heldur einnig Eddukvæði, Snorra-Eddu og Völsunga sögu sem hann átti í förum sínum í þýskri þýðingu. Hann vann að verkinu í um aldarfjórðung og hér fékk gáfa hans bæði sem tónskáld og textahöfundur að njóta sín til fulls.

Efnisþráður Valkyrjunnar er að miklu leyti sóttur í Völsunga sögu. Fárviðri geisar og Siegmund leitar skjóls í húsi Sieglinde og manns hennar, Hundings. Þau Sieglinde fella hugi saman og valkyrjan Brynhildur, dóttir Óðins, óhlyðnast föður sínum með því að liðsinna Siegmund þar sem hann heyr einvígi við Hunding. Óðinn refsar henni með því að svipta hana guðdómleikanum, breytir henni í mennska konu sem skal liggja sofandi á bjarginu umvafin vafurlogum og ekki vakna fyrr en mikil hetja fær sigrast á logunum og vakið hana með kossi.

Þessi magnaða ópera er eitt af helstu meistaraverkum tónlistar á 19. öld og Valkyrjureiðin fræga er flestum kunn. Nú hljómar Valkyrjan í fyrsta sinn í heild á Íslandi og þetta er í fyrsta sinn síðan árið 2002 sem ópera Wagners er sýnd hér í fullri lengd. Sópransöngkonan Christine Goerke fer með hlutverk Brynhildar, en hún hefur meðal annars sungið hlutverkið við Metropolitan-óperuna. Ólafur Kjartan Sigurðarson fer með hlutverk Wotans, og glæsilegur hópur íslenskra söngvænna fer með hlutverk valkyrjanna.

Hljómsveitinni stjórnar Alexander Vedernikov sem í fyrra tók við stöðu aðalstjórnanda við Konunglegu dönsku óperuna í Kaupmannahöfn. Leikstjórinn, Julia Burbach, er fastráðin við Covent Garden í Lundúnum; vídeólistamaðurinn Tal Rosner hefur meðal annars unnið til BAFTA-verðlauna fyrir list sína, en hann hefur m.a. starfað við National Theatre í Lundúnum og Lincoln Center í New York.

Mánudaginn 25. maí kl. 20 mun Árni Heimir Ingólfsson leiða gesti inn í tónheim Wagners og segja frá íslenskum fyrirmyndum að söguþræði Valkyrjunnar í opnum fyrirlestri í Norðurljósum.



Valkyrjan er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík.



RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA III



Páll Ragnar Pálsson Yfirráðandi kyrrð

Sofia Gubaidulina Konsert fyrir fiðlu, selló og bajaran

Sergej Rakhmanínov Sinfónískir dansar

Olari Elts
hljómsveitarstjóri

Baiba Skride
fiðla

Harriet Krijgh
selló

Elsbeth Moser
bajaran

Eitt nýjasta meistaraverk Sofiu Gubaidulinu ásamt síðustu tónsmíðinni sem Rakhmanínov samdi, hinum stórfenglegu Sinfónísku dönsum.

Eitt nýjasta meistaraverk Sofiu Gubaidulinu er konsert fyrir fiðlu, selló og bajaran (rússneska hnappa-harmóníku), saminn árið 2017 fyrir Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Á tónleikunum í Eldborg koma fram sömu einleikarar og frumfluttu konsertinn, en honum var afar vel tekið og gagnrýnendur sögðu að hér væri komið eitt merkasta verk Gubaidulinu. Hún segir verkið innblásið af hugmyndinni um heilaga þrenningu og að talan þrír gegni lykilhlutverki, einnig hvað varðar form og tónhugmyndir.

Fiðluleikarinn Baiba Skride hefur þegar leikið tvisvar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og fengið frábærar viðtökur; „leikur hennar einkenndist af afar fallegri tónmyndun og tæknilegum yfirburðum“ sagði rýnir Fréttablaðsins um flutning hennar vorið 2018.

Hollenski sellóleikarinn Harriet Krijgh hefur leikið með mörgum helstu hljómsveitum heims og er prófessor við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Svissneski bajaran-leikarinn Elsbeth Moser hefur sérhæft sig í flutningi á verkum Gubaidulinu, sem semur oft fyrir rússneska hnappaharmóníku, og hafa hljóðritanir hennar fengið mikið lof heimspressunnar.

Í tónlist Rakhmanínovs lifði andi síðrómantíkur langt fram á 20. öld. Kunnastur er hann fyrir tilfinningaþrungna píanótónlist sína en hljómsveitarverkin eru engu síðri. Sinfónískir dansar voru síðasta tónsmíðin sem Rakhmanínov lauk við fyrir andlát sitt, tilþrifamikið og meistaralega útsett verk þar sem hann sækir innblástur meðal annars í rússneskan kirkjusöng.

Upptaktur að hinni rússnesku efnisskrá er strengjaverk eftir Pál Ragnar Pálsson sem stundaði framhaldsnám í Eistlandi. Yfirráðandi kyrrð var frumflutt af Kammerhljómsveitinni í Tallinn og vakti mikla hrifningu, enda var það í kjölfarið tilnefnt til alþjóðlegu Rostrum-verðlaunanna – fyrir hönd Eistlands.





Grimur Helgason
Klarinett

Í beinni á Rás eitt

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land, og í seinni tíð á netinu um allan heim, getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út. Á undan útsendingum geta hlustendur Rásar 1 fræðst um tónlistina og listamennina í þættinum Á leið í tónleikasal og í hléi er fræðandi og skemmtileg dagskrá. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal í Sarpinum á ruv.is.



Öll tónlistin á einum stað



Skannaðu merkið hér að ofan í Spotify appinu í símanum þínum.

Sinfóníuhljómsveitin er með sérstaka rás á tónlistarveitunni Spotify. Þar er m.a. að finna lagalista tónleikaraða starfsársins þar sem hægt er að hlusta á sérvaldar upptökur af þeim verkum sem eru á efnisskrá. Hér er um að ræða auðvelda og skemmtilega leið til að undirbúa sig fyrir tónleika eða njóta góðrar tónlistar með úrvals flytjendum. Auk þess geyma lagalista Sinfóníunnar skemmtilegar upptökur með einleikurum og hljómsveitarstjórum sem heimsækja hljómsveitina, tónlist fyrir börn, íslenska tónlist fyrir hljómsveit auk tónlistar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hljóðritað og gefið út. Farðu á Spotify og hlustaðu á sífóníska tónlist alla daga!

Vinafélag Sinfóníunnar

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlesturum og málþingum um styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni sem tengjast hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á tónleika Ungsveitar Sí og eina opna æfingu á starfsárinu. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu.

Árgjaldið er 3.500 krónur.



Tónleikakynningar

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fimmtán tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 17:45 og gefst gestum tækifæri til að sitja í notalegu umhverfi og kaupa veitingar frá Bergmáli. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Tónleikakynningarnar eru höndum Árna Heimis Ingólfssonar, listræns ráðgjafa hljómsveitarinnar, Sigurðar Ingva Snorrasonar, klarínettlikara, Svanhildar Óskarsdóttur, rannsóknarprofessors á Árnastofnun og Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tónleikakynningar eru haldnar í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg.



Barnastundir Sinfóníunnar


LAUGARDAGUR

14. SEP 11:30

LAUGARDAGUR

7. MAR 11:30

Á barnastundum Sinfóníuhljómsveitarinnar er megináhersla lögð á notalegheit og nánd við hljómsveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna. Barnastundirnar hafa notið mikilla vinsælda og eru sannkallaðar gæðastundir og góður upptaktur að ljúfum degi. Dagskráin er u.þ.b. hálf tímalöng og er leidd af konsertmeisturum Sinfóníuhljómsveitarinnar.



Skólakortið

Námsmenn yngri en 25 ára og tónlistarnemar eiga kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu með því að framvísa sínu nemendakorti og geta með því keypt miða á tónleikadegi á alla almenna tónleika Sinfóníunnar á aðeins 1.800 kr. Hægt er að kaupa miða á Skólakortskjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.

Opnar æfingar

Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi allra áskriftartónleika í gulri, grænni og rauðri röð á nýju starfsári. Hægt verður að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu og á vef Sinfóníunnar. Lokaæfingin hefst kl. 9.30 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg. Opnar æfingar eru tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt er síðar á tónleikum um kvöldið.

www.sinfonia.is/aefingar

Nýjar hljóðritanir

Sinfóníuhljómsveit Íslands gefur reglulega út hljóðritanir, m.a. á vegum útgáfufyrirtækjanna BIS, Chandos og Sono Luminus. Fyrr á árinu komu út tvær sinfóníur Charles Gounod, sem Yan Pascal Tortelier stjórnar, og óratorían EDDA II: Líf guðanna eftir Jón Leifs, í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Schola cantorum og einsöngvaranna Hönnu Dóru Sturludóttur, Elmars Gilbertssonar og Kristins Sigmundssonar. Auk þess eru nýlega komnir út tveir safndiskar með leik Rutar Ingólfsdóttur og Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árunum 1971–1986, þar sem hún leikur sjö öndvegisverk fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Mozart, Bartók, Hindemith o.fl. Í öllum tilvikum var um að ræða frumflutning verkanna á Íslandi. Síðar á árinu er væntanlegur diskur með nýlegum íslenskum hljómsveitarverkum, m.a. eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Hauk Tómasson og Pál Ragnar Pálsson, en stjórnandi er Daníel Bjarnason.



Öflugt fræðslustarf

Öflugt og fjölbætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf. Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtíma verkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum.

Þróunarverkefni af ýmsum toga eru unnin í samvinnu við skóla og lengra komna nemendur í listnámi. Hljómsveitin leggur ríka áherslu á að vera í góðum tengslum við samfélagið og heimsækir bæði stofnanir og vinnustaði og hefur átt farsælt samstarf við eldri borgara um langt skeið. Í vetur verður boðið upp á ferna glæsilega og lifandi fjölskyldutónleika Litla tónsprotans og hinar vinsælu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendunum.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf frá lokum ágústmánaðar á sinfonia.is.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 2019/20



Hljóðfæraleikarar

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari
Nicola Lolli, 1. konsertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir, 3. konsertmeistari
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik

2. fiðla

Páll Palomares
Vera Panitch
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gunnhildur Daðadóttir

Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Lucja Koczot
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir

Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna



Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout

Frank Aarnink

Eggert Pálsson

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri
Lára Sóley Jóhannsdóttir

Tónleikastjóri
Anna Sigurbjörnsdóttir

Listrænn ráðgjafi
Árni Heimir Ingólfsson

Mannauðsstjóri
Una Eyþórsdóttir

Fræðslustjóri
Hjördís Ástráðsdóttir

Markaðs- og kynningarstjóri
Margrét Ragnarsdóttir

Markaðsfulltrúi
Jökull Torfason

Fjármálafulltrúi
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir

Fulltrúi á skrifstofu
Júlía Aradóttir

Nótna- og skjalavörður
Kristbjörg Clausen

Umsjónarmaður nótna
Larissa Weidler

Sviðsstjórar
Grímur Grímsson
Sigþór J. Guðmundsson

Vladimir Ashkenazy
aðalheiðursstjórnandi

Osmo Vänskä
heiðursstjórnandi

Daníel Bjarnason
aðalgeststjórnandi

Bjarni Frímann Bjarnason
aðstoðarhljómsveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir
staðartónskáld

Stjórn

Sigurbjörn Þorkelsson *formaður*
Bryndís Pálsdóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Jens Garðar Helgason
Oddný Sturludóttir

Verkefnavalsnefnd

Árni Heimir Ingólfsson *formaður*
Anna Sigurbjörnsdóttir
Anna Þorvaldsdóttir
Bjarni Frímann Bjarnason
Guðrún Hrund Harðardóttir
Hjördís Ástráðsdóttir
Margrét Ragnarsdóttir
Steef van Oosterhout
Sigrún Eðvaldsdóttir

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á GÓÐU VERÐI

ALMENNT MIÐAVERÐ

SVÆÐI	ALMENNT VERÐ	LITLI TÓNSPROTINN
● 1	6.800 kr.	3.000 kr.
● 1+	8.100 kr.	3.000 kr.
● 2	5.700 kr.	2.600 kr.
● 3	4.300 kr.	2.600 kr.
● 4	2.600 kr.	/

Athugið að almennt miðaverð gildir um flesta áskriftartónleika Sí en miðaverð er þó mismunandi eftir tónleikum og er að finna á sinfonia.is.


ÁSKRIFTARKORT

SVÆÐI	RAUÐ RÖÐ*	GUL RÖÐ	GRÆN RÖÐ	LITLI TÓNSPROTINN
● 1	41.360 kr.	38.080 kr.	28.000 kr.	9.840 kr.
● 1+	48.400 kr.	45.360 kr.	33.200 kr.	9.840 kr.
● 2	34.480 kr.	31.920 kr.	23.600 kr.	8.480 kr.
● 3	26.640 kr.	24.080 kr.	18.000 kr.	8.480 kr.

FÖSTUDAGSRÖÐ

Miðaverð:	3.100 kr.
Áskrift:	7.440 kr.

* Vinsamlegast athugið að verð á rauða röð er hærra en venjulega þar sem hækkað verð er á óperuuppfærslu Valkyrjunnar eftir Wagner.



MIÐASALA Í HÖRPU

Miðasala í anddyri Hörpu er opin 12–18 alla daga og fram að upphafi tónleika. Miða má kaupa á netinu á [sinfonia.is](#), [harpa.is](#) og í síma 528 50 50.

Áskriftarkort

Áskrift veitir þér 20% afslátt af almennu miðaverði. Ef keyptar eru tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, er veittur 25% heildarafsláttur. Ef keyptar eru þrjár raðir, Gul, Rauð og Græn, er veittur 30% heildarafsláttur.

Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika hljómsveitarinnar.

Regnbogakort

Hægt er að kaupa Regnbogakort með fernum tónleikum eða fleiri úr hvaða röð sem er eða utan raða. Regnbogakort veitir 20% afslátt.

Afsláttur fyrir 25 ára og yngri

50% afsláttur er af Regnbogakortum í verðsvæði 2 og 3 í Eldborg. Einnig býðst þessum aldurshópi að kaupa miða á tónleika samdægurs á 1.800 kr. gegn framvísun Skólakorts sem nálgast má í miðasölu Hörpu.

Hópafsláttur

Veittur er 10% afsláttur fyrir 25–50 miða og 15% fyrir fleiri en 50 miða.

Gjafakort

Gjafakort á tónleika Sinfónihljómsveitar Íslands fást í miðasölu Hörpu. Kortin eru í fallegum umbúðum og tilvalin gjöf fyrir tónlistarunnendur.

Bílastæði

Í kjallara Hörpu eru gjaldskyld bílastæði. Athugið að bíla-kjallaranum er lokað á miðnætti en hann er opnaður kl. 7 að morgni alla virka daga og kl. 10 um helgar. Einnig má benda á [leggja.is](#).

Aðgengi fatlaðra

Sérstök sæti fyrir hreyfihamlaða eru á aðalgólfi og í stúku á 1. svölum.

Sinfónían á netinu

Við hvetjum alla til að skrá sig á póstlistann á [sinfonia.is](#) og fá reglulega sendar fréttir af starfi hljómsveitarinnar. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á Facebook, fylgja okkur á Twitter, Instagram, Youtube og Spotify.

@icelandsymphony #sinfó

Tónleikaskrár

Tónleikaskrár eru afhentar við innganga í tónleikasal. Tónleikaskrárnar eru birtar á [sinfonia.is](#) daginn fyrir tónleika.

TVG-ZIMSEN

FLUTNINGSMIDLUN

STOLTUR BAKHJARL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
Í FLUTNINGUM



Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og **gott ástarsamband**, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og nán góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri

allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðlu-leik stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphíu. Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is